

SHAUÐÖR
skoðun 18

EVROPU
STOFA

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífið



Tax free
AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM*
Föstudag, laugardag og sunnudag
Europpris
*Aflátturinn er á kostnað Europris

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

2. mars 2012
53. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt retriðskýrslun Capacent Gallup júl. - september 2011



Gengislánin tímafrek
Birna Einarsdóttir banka-
stjóri segir útlendinga hafa
sýnt Íslandsbanka dhuga.
föstudagsviðtalið 16

Dópur og ofbeldi

Svartur á leik fær fjórar
stjörnur hjá gagnrýnanda
Fréttablaðsins.


bíó 36



Betra skipulag
Emil Hallfreðsson er
hrifinn af vinnubrögðum
landslíðspjálfarans,
Lars Lagerbäck.

sport 38

veðrið í dag



VÍÐA HVASST í dag verða
suðaustan 10-20 m/s hvasst
V-til. Víða rigning einkum S-lands
en úrkomulítið NA-til. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

Lestu bókina!



1.
Sæti

METSÖLULISTI
EYMUÐSSON

JPV
UTGAFA
www.fortagid.is

Gunnar rekinn og kærður

Stjórn FME kærði Gunnar P. Andersen til lögreglu í gær fyrir meint brot í starfi. Honum var sagt upp störfum í gær. Gunnar lýsir sig saklausan af öllum sakargiftum. Kærumálið varðar fjármál alþingismanns.

LÖGREGLUMÁL Stjórn Fjármálaeftirlitsins leysti Gunnar P. Andersen forstjóra frá störfum í gær og kærði hann til lögreglu fyrir meint brot í starfi. Kærumálið varðar upplýsingar um fjármál Guðlaugs Þ. Þórðarsonar alþingismanns, sem Gunnari er gert að hafa aflað með ólögmatum hætti. Ástæða uppsagnarinnar er samkvæmt stjórn FME vegna fortíðar hans sem framkvæmdastjóra Landsbankans en ekki kærumálsins.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum veitti Gunnar tveimur aflandsfélögum forstöðu á vegum Landsbankans þegar hann starfaði þar sem framkvæmdastjóri. Það er mat stjórnar FME að hann hafi tekið þátt í því að „veita FME villandi eða beinlínis rangar upplýsingar um tilvist félaganna“, eins og segir í yfirlýsingu stjórnar frá því í gær og er uppgefin ástæða brottrekstrarins.

Lögmaður Gunnars, Skúli Bjarnason, sendi tilkynningu til fjölmiðla í gær þar sem Gunnar lýsir sig „fullkomlega saklausan“ af öllum

“ Síðan hlýtur maður að velta fyrir sér hvort þetta mál núna sé einstakt eða hvort þetta sé stundað víðar. Ég vona að þetta sé einangrað tilfelli en það er jafnframt nauðsynlegt að það sé kannað.

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON
ALÞINGISMAÐUR

sakargiftum frá hendi FME, gömlum sem nýjum. Gunnar segir í tilkynningunni að vegið sé að sér með ómaklegum hætti og lyktir málsins ráðist fyrir dómstólum.

Fréttablaðið fékk það staðfest í gær að kærumálið varðaði gögn um fjármál Guðlaugs Þórs. Starfsmanni Landsbankans, sem mun hafa aflað gagnanna fyrir Gunnar, var sagt upp störfum á miðvikudag.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Guðlaug í gær vegna málsins hafði hann ekki upplýsingar um hvaða gögn er að ræða. „Ég viðurkenni að mér er brugðið. Þrátt fyrir að maður hafi ekkert að fela þá er það vond tilfinning að það sé njósnað um mann,“ segir Guðlaugur. „Maður veltir því fyrir sér hvaða hugur liggur hér að baki, og þetta er grafalvarlegt. Síðan hlýtur maður að velta fyrir sér hvort þetta mál núna sé einstakt eða hvort þetta sé stundað víðar. Ég vona að þetta sé einangrað tilfelli en það er jafnframt nauðsynlegt að það sé kannað,“ segir Guðlaugur.

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, sagði á blaðamannafundi í gær að upplýsingum um meint brot Gunnars hafi verið komið til hans persónulega á miðvikudag. Aðalsteinn færði jafnframt Gunnari uppsagnarbréfið persónulega á heimili hans áður en fundur með starfsfólki hófst hjá FME í gærmorgun.

- shá, þsj / sjá síðu 12



UPPHAF MOTTUMARS Lögreglumenn og slökkviliðsmenn áttust við í æsispennandi viðureign í sundknattleik í Ásvallalaug í Hafnarfirði í gær og mörkuðu þannig upphaf krabbameinsátaksins Mottumars þetta árið. Leikurinn þótti frábær skemmtun og endaði með naumum 4-3 sigri lögreglumanna í blálokin. Í fyrra mættust liðin t einnig af sama tilefni og kepptu þá íshokki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hæstiréttur geymir öll fordæmisgefandi mál þar til landsdómsmálinu lýkur:

Stór mál bíða vegna Landsdóms

DÓMSMÁL Engin stór eða fordæmisgefandi mál hafa verið á dagskrá Hæstaréttar frá 13. febrúar og verða ekki fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í Landsdómi í máli Geirs H. Haarde. Það gæti tekið tvo mánuði.

Ástæðan er sú að lögum samkvæmt skulu fimm reynslumestu dómáram Hæstaréttar dæma slík mál. Fjórir þeirra eru hins vegar uppteknir við störf sín í Landsdómi. Þangað til mun Hæstiréttur einungis taka til meðferðar mál sem þrjár dómáram geta dæmt. Þetta staðfestir Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar. Alþingi samþykkti í gær með 33



GEIR H. HAARDE

atkvæðum gegn 27 að vísa frá tillögu Bjarna Benediktssonar um að afturkalla ákærana á hendur Geir. Þar með varð ljóst að aðalmeðferð málsins hefist á mánudaginn kemur. Áætlað er að hún muni taka tvær vikur. Reynt verður að ljúka vitnaleiðslum þriðjudaginn 13. mars, taka þá einn dag í frí og ljúka aðalmeðferðinni með tveggja

daga málf lutningi saksóknara og verjanda á fimmtudegi og föstudegi. Dómáram munu svo reyna að dæma í málinu á fjórum vikum en hafa þó til þess sex vikur hið mesta.

Fram kemur í Fréttablaðinu í dag að flest vitnin í landsdómsmálinu sem búsett eru erlendis muni koma til landsins til að verða við réttarhöldin.

Meðal þeirra eru ráðherrarnir fyrrverandi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Árni M. Mathiesen og Kaupþingsstjórnarnir Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson.

- sh / sjá síður 6 og 8

Elín Hirst horfir til Bessastaða: Ýmis ljón í vegi forsetaframboðs

FÓLK Elín Hirst segist geta hugsað sér framboð til forseta Íslands. „Það eru hins vegar ýmis ljón í veginum,“ segir hún og kveður það fyrsta vera sitjandi forseta. „Ætla hann að gefa kost á sér í fimmta sinn eður ei?“

„Ég vil færa forsetaembættið nær fólkinu í landinu, þar sem forsetinn yrði fremstur á meðal jafningja,“ segir Elín í viðtali við Lífið sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Elín segist hins vegar enga hugmynd hafa um það hvort hún njóti stuðnings til starfars. „En það er að sjálfsögðu lyklatríði. Ég tel því minni líkur en meiri að ég verði næsti húsráðandi á Bessastöðum.“ Sjá Lífið í miðju blaðsins



ELÍN HIRST

**NÝTT
HAGKAUPSBLAÐ
KOMIÐ ÚT
Á HAGKAUP.IS**



THE AMAZING EVERYDAY
**SKEMMTILEGRI
EINFALDARI
HRAÐARI**



KOMINN Í SÖLU.

 Windows
Phone

NOKIA
LUMIA 800

Spennandi ribeye

TILBOÐ
35%
afsláttur við kassa

RIBEYE NAUTAAT
2.532 kr/kg.
Verð áður 3.895.-

RIBEYE MEÐ GRÁÐAOSTASMJÖRI OG HASSELBACK KARTÖFLUM fyrir 4 að hætti Rikku

4 Ribeye steikur
100 ml ólífuolía
1 tsk þurrkað tímían
2 msk ferskt rósmarín
1 tsk sítrónupipar
1 hvítlausrif, pressað

Blandið ólífuolíu saman við kryddin og hvít-laukinn. Veltið kjötinu upp úr olíunni og látið standa í stofuhita í 30 mínútur. Steikið kjötið í 4 mínútur á hvorri hlið og berið fram með gráðaostasmjörinu og kartöflunum.

GRÁÐAOSTASMJÖR
2 msk smjöri
2 msk rjómaostur
2 msk rifinn gráðaostur
1 msk fersk steinselja
1/2 tsk sítrónupipar
1/2 tsk papríkukrydd

Setjið allt saman í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Búið til smjörkúlur með skeið og setjið á kjötið rétt áður en það er borið fram.

HASSELBACK KARTÖFLUR
1-2 kartöflur á mann
ólífuolía
salt eftir smekk

Hitið ofninn í 220°C. Skerið djúpar skorur í kartöflurnar með 2-3 mm millibili. Gætið þess að skera ekki alveg í gegnum kartöflurnar. Raðið kartöflunum á pappírsklædda ofnplötu og hellið ólífuolíu yfir. Bakið í 55-60 mínútur og saltið áður en þær eru bornar fram.



UPPSKRIFT



Entrecote



Mínútusteik



Kjúklingabringur ferskar



Kjúklingalæri og leggir ferskir



KNUDSEN
LÍFRÆNIR SAFAR
stútfullir af næringarefnum!



TILBOÐ

JÓI FEL OSTAKAKA
998 kr/stk.
Verð áður 1.199.-



NÝTT SPELTFITNESS

SPELTFITNESS
219 kr/stk.



TILBOÐ

JÓI FEL PIZZADEIG
299 kr/stk.
Verð áður 344.-



TILBOÐ

SPELT PIZZADEIG
399 kr/stk.
Verð áður 449.-



NÝTT SINALCO



NÝTT MARS TRIPLE CHOCOLATE 5 PK

Takmarkað magn!

TILBOÐ

SVEITABRAUÐ
299 kr/stk.
Verð áður 449.-



NÝTT SÆLKERABLÖNDUR FRÁ TE & KAFFI

TASTE OF NATURE LÍFRÆNIR, NÁTTÚRULEGIR ÁVAXTA- OG HNETUBARIR - GLÚTENFRÍIR



24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 4. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FLUG EÐA BÍLL

EINFALT REIKNINGSDÆMI

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



00:40



MÍÐI = 6.750 kr.



BLÖÐ



KAFFI

FRÁ **6.750 kr.**

REYKJAVÍK



AKUREYRI




05:30



ELDSNEYTI = 11.968 kr.*



RÚÐUPISS = 741 kr.



GÖNGIN = 1.000 kr.



PYLSA = 310 kr.



PYLSA = 310 kr.



GOS = 240 kr.



ÍS = 395 kr.



KAFFI = 245 kr.

FRÁ **15.209 kr.**

JÁ, ÞAÐ BORGAR SIG! Við hjá Flugfélagi Íslands viljum ekki horfa niður á þá sem aka á milli en í 18.000 feta hæð er stundum erfitt að komast hjá því. Á Íslandi var ekki til neitt sem hét bein leið áður en flugið kom til sögunnar og þegar allt kemur til alls þá borgar sig frekar að fljúga beint en keyra krókaleiðir. Komdu um borð. Við erum með heitt á könnunni.

*Skv. töflu FÍB; bifreið í 3.350.000 kr. verðflokki: 31,33 kr. á km.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



1. Hvað hlaut Mugison mörg verðlaun við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna?
2. Hvað þurftu olíufélögin þrjú að borga háa sekt vegna samráðs árána 1993 til og með 2001?
3. Hvað hafa margir gefið kost á sér í biskupskjöri Þjóðkirkjunnar?

SVÖRIN
3. Mítý 3.
1. Tím. 2. Ríftiga 1,5 milljarða króna.

Fjórir ákærðir fyrir særingar: Stúlka pyntuð þar til hún ját-aði á sig galdra

SVÍÞJÓÐ Prestur og þrír aðrir hafa verið ákærðir fyrir að reka illa anda út úr 12 ára stúlku í Svíþjóð. Faðir stúlkunnar og stjúpmodir héldu að hún væri andsetin norn og leituðu til særingamanna í bæði Borås og Malmö.

Stúlkun var brennd með glóðheitum hnifi og látin svelta. Þegar það dugði ekki að mati foreldrana var hún í apríl 2010 læst inni í safnaðarheimili í viku. Hún kveðst hafa verið þvinguð til að biðjast fyrir í nokkrar klukkustundir að næturlagi og smurð með olíu og látin drekka hana. Hún viðurkenndi galdra eftir að höfði hennar hafði verið slegið ítrekað í gólfid. Stúlkun er nú á fösturheimili.

- ibs

Forstjórar Símans og 365 miðla skrifuðu undir samning um dreifingu í gær:

Fjölvarpið á myndlykla Símans

FJÓMIÐLAR Fjölvarp Stöðvar 2 er nú aðgengilegt á myndlyklum Símans, en forstjórar 365 miðla og Símans undirrituðu samkomulag þess efnis í gær. Hingað til hefur fjölvarpið verið undanskilið í dreifingu á efni 365 miðla hjá Símanum.

Ari Edwald forstjóri 365 miðla sagði við undirritunina að samningurinn markaði tímamót. Nú sé loksins hægt að þjóna þeim sem nota dreifikerfi Símans um alla sjónvarpsþjónustu sem 365 miðlar bjóði upp á. Hann sagði fyrirtækið hafa fundið fyrir miklum áhuga og eftirspurn eftir fjölvarpinu.

Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Símans fagnaði því einnig að vöruframboð á dreifikerfi Símans hafi aukist við samninginn. Hingað til hefur Stöð 2, Stöð 2 extra og bíó auk Sportstöðva Stöðvar 2 verið dreift um kerfi Símans. Fjölvarpið inniheldur 50 erlendar



SKRIFAÐ UNDIR Forstjórar fyrirtækjanna skrifuðu undir samninginn í verslun Símans í Kringlunni í gær.

sjónvarpsstöðvar og segja Ari og Sævar því úrvalið hafa aukist mjög.

- þeb

Atvinnusköpun á Spáni: Vilja rækta og selja maríjúana

SPÁNN Bæjaryfirvöld í Rasquera á Spáni hafa ákveðið að rækta og selja maríjúana til þess að reyna að komast út úr efnahagskreppunni. Bæjarbúar, sem eru 900 talsins, eiga samkvæmt áætlun bæjaryfirvalda að leigja bænum jarðir til ræktunar. Koma á fíkniefninu á markað í Barcelona.

Spænska stjórnin hyggst ekki leyfa þessa nýjung í atvinnusköpun. Leyfilegt er að reykja maríjúana. Það er hins vegar ólöglegt að rækta það í því skyni að selja það.

- ibs

Pétur á Útvarpi Sögu er umhugað um orðsporið: Í meiðyrðamál vegna orða um áflog í beinni

DÓMSMÁL Pétur Gunnlaugsson, fulltrúi í stjórnlagaráði og þátta-gerðarmaður á Útvarpi Sögu, hefur stefnt ritstjóra og útgáfufélagi Viðskiptablaðsins fyrir dóm vegna meiðyrða. Pétur krefst tveggja milljóna króna í miskabætur og að ritstjóranum Björvini Guðmundssyni verði refsað.

Tilefnið er skrif sem birtust í dálkinum Huginn og Muninn í Viðskiptablaðinu í maí í fyrra. Þar sagði að Pétri hefði mislíkað svo mjög orð þingmannsins Björns Vals Gíslasonar, sem var gestur í þætti hans, að hann hefði veist að honum.

„Þetta var röng frétt – lygi,“ segir Pétur um málið. „Það kom sér ekki vel að vera talinn ofbeld-



PÉTUR GUNNLAUGSSON



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

ismaður,“ segir hann, og vísar til þess að hann hafi þá setið í stjórnlagaráði og stýrt vinsælum útvarpsþætti. Ummælin hafi getað skadað orðspor hans og fælt fólk frá því að koma sem gestir í þáttinn. Leiðréttingu blaðsins telur hann ekki fullnægjandi.

- sh



VONSVIKNIR Stuðningsmenn tillögunnar um að afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde voru vonsviknir yfir afgreiðslu Alþingis. Bjarni Benediktsson segir að með klækjabrögðum hafi menn komið sér hjá því að leiða efnislega afstöðu þingsins fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geir fer fyrir Landsdóm

Öruggur meirihluti var fyrir frávisun á tillögu um að afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra. Vitnaleyðslur hefjast eftir helgi.

ALÞINGI Tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi afturkalli ákæru á hendur Geir H. Haarde, var vísað frá í gær. Nokkuð öruggur meirihluti var fyrir því; 33 þingmenn greiddu atkvæði með frávisun, en 27 gegn. Þá voru tveir þingmenn fjarverandi og einn sat hjá.

Bjarni lagði tillögu sína fram 16. desember og vildi þá fá hana strax á dagskrá. Samkomulag varð um að hún yrði tekin á dagskrá 20. janúar. Við umræður kom fram til-laga til frávisunar, sem Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, mælti fyrir. Hún var felld með 29 atkvæðum gegn 31 og tillögunni var vísað til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Eftir fjölmarga fundi með fjölda sérfræðinga afgreiddi nefndin málið til seinni umræðu á þriðju-dag. Meirihluti nefndarinnar taldi

þingið mega hlutast til um málið, en um það höfðu staðið nokkrar deilur. Ekkert hefði þó komið fram sem réttlætti slíka íhlutun og því lagði nefndin til frávisun, sem var samþykkt.

Vitnaleyðslur í máli Geirs H. Haarde fara fram á mánudag.

Bjarni Benediktsson segist vonsvikinn yfir að málið hafi ekki fengið efnislega meðferð.

„Ég tel að rökstuðningurinn fyrir því að vísa málinu frá og taka það af dagskrá hafi verið í algjöru skötulíki og ekkert annað en pólitískir hagsmunir hafi búið að baki þeirri niðurstöðu.

Það blasir við öllum sem fylgst hafa með umræðunni um þetta mál að ekki er til staðar á Alþingi, sem fer með ákæruvaldið, sú meirihlutaskoðun að hinn ákærði sé sekur. Ef menn koma ekki auga á það grundvallaratriði þá erum við illa stödd.“

Svona féllu atkvæðin

Já 33 atkvæði **Nei 27 atkvæði**

- Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Birgitta Jónsdóttir, Björn Valur Gíslason, Eygló Harðardóttir, Guðbjartur Hannesson, Guðmundur Steingrímsson, Helgi Hjörvar, Höskuldur Þórhallsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Lúðvík Geirsson, Magnús M. Norðdahl, Magnús Orri Schram, Margrét Tryggvadóttir, Mördur Árnason, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir, Róbert Marshall, Sigmundur Emir Rúnarsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Siv Friðleifsdóttir, Skúli Helgason, Steingrímur J. Sigfússon, Svandís Svavarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þór Saari, Þráinn Bertelsson, Þuríður Backman

- Atli Gíslason, Árni Johnsen, Ásbjörn Óttarsson, Ásmundur Einar Daðason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgir Árnannsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Benediktsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Bragi Sveinsson, Illugi Gunnarsson, Jón Bjarnason, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ögmundur Jónasson, Össur Skarphéðinsson

Greiddi ekki atkvæði: Árni Páll Árnason | **Fjarverandi:** Björgvin G. Sigurðsson og Kristján L. Möller

VATNSHELDAR TÖSKUR OG SJÓPOKAR margar gerðir, stærðir og litir



Sölustaðir: Ellingsen Reykjavík/Akureyri Útílíf Holtagörðum Reykjavík Baldvin og Þorvaldur Selfossi

Framleitt í Þýskalandi

Hirzlan
Smíðsbúð 6 Garðabæ sími 564 5040
www.hirzlan.com

SVINERÖÐ PA MIIN TALLERKEN!



GRISAKÓTELTUR
BAUTA BÖRÐ
VERÐ NÚ
1.049
ÁÐUR 1.498



**NÝR
TILBOÐS-
BÆKLINGUR!**



GRISAHRYGGUR
1/2 MED PÚRU
VERÐ NÚ
1.139
ÁÐUR 1.898

GRISAG
BAUTA BÖRÐ
VERÐ NÚ
1.2
ÁÐUR 1.498

**DANSKIR
DAGAR!**



GRISABÓGUR
HRINGSKORINN MEÐ BEINI
VERÐ NÚ
398
ÁÐUR 698 KR
PK



43% AFSLÁTTUR



www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir

netto KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

Glænýr og spennandi bæklingur kominn út. Tryggðu þér eintak og kíktu á helstu tilboðin og gerðu góð kaup í þinni Nettóverslun!

RÆKJUR - SKIPPER
90 G
VERÐ
398



KRABBAHALAR
180 G
VERÐ
759



RÆKJUR
180 G
VERÐ
698



DILLSÍLD
150 G
VERÐ
39



...samt einni sneið af camembert ofaná flakjð og rúllid upp í snyrtilega rúllu. Leggð rúllurnar í eldfast mót og kveistið sitrónusafa yfir. Saltið og piprið yfir rúllurnar og setjið álpappír yfir formið. Bakað við 200°C í ca. 20 mín. eða þangað til fiskurinn er orðinn eldadur.

Tilboðin gilda 1-4 mars 2012

netto KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir

**SÖNGVARA BREYTT Í KARFA**

Tenórsöngvarinn Florian Simson var gjörbreyttur eftir að förðunarmeistarar höfðu farið höndum um hann á förðunarsýningu í Düsseldorf.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan í Randers:

Handsömuðu loks „könguló-armanninn“

DANMÖRK Lögreglan á Austur-Jótlandi handsamaði í fyrrakvöld flóttafangann Michael Christiansen í nágrenni Randers.

Christiansen hafði verið leitað í fimm mánuði, en hann slapp úr varðhaldi eftir að hafa verið handtekinn fyrir að hafa eiturfylf undir höndum. Christiansen staldraði ekki lengi við í varðhaldinu því hann fór út um glugga á þriðju hæð fangelsins. Hann fikraði sig síðan niður húsvegginn og lagði á flótta. Hann hlaut í kjölfarið viðurnefnið köngulóarmaðurinn í dönskum fjölmiðlum. Christiansen, sem er heljarmenni að burðum, veitti mikla mótspyrnu og barði meðal annars lögreglumann með skóflu, en mátti ekki við margnum. - þj

Endurútreikningi lána í kjölfar gengislánadóms Hæstaréttar er ólokið og greiðsluseðlar eru óbreyttir:

Þingmenn ósáttir við viðbrögð fjármálafyrirtækja

STJÓRN MÁL Þingmenn gera athugasemdir við að fjármálafyrirtæki sendi út greiðsluseðla líkt og ófallinn sé nýlegur dómur Hæstaréttar um gengislán. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fundaði á miðvikudagskvöld um viðbrögð fjármálafyrirtækja.

„Til okkar kom fulltrúi Samtaka fjármálafyrirtækja og nefndarmenn lögðu áherslu á við hann að fyrirtækin gættu fyllstu varúðar í þessu máli. Ég geri svo ráð fyrir að samtökin komi áhyggjum okkar á framfæri við sín aðildarfyrirtæki,“ segir Helgi Hjörvar, for-

maður nefndarinnar, og bætir við að nefndin hafi einnig fundað með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins sem hyggist skoða viðbrögðin.

Helgi og Guðlaugur Þór Þórðarson þingmaður gerðu viðbrögð fjármálafyrirtækja við dómnum að umtalsefni á þingi á miðvikudag. Sagði Guðlaugur að komið hefði fram að það væri almenn regla hjá fyrirtækjunum að senda út greiðsluseðla eins og enginn dómur hefði fallið meðan vinnu við endurreikning lánanna væri ólokið. Bentu þingmennirnir báðir á að þessi háttur fyrirtækjanna gæti



HELGI HJÖRVAR

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

valdið því að skuldarar ofgreiði af lánnum sínum. Þá ættu skuldarar fjárhæð inni hjá fjármálastofnunnum en í sumum tilvikum er um þrotabú að ræða. Í þeim tilvikum yrði slík inneign að almennri kröfu í búíð sem ekki er víst að fengist endurgreidd. Þar með gætu skuldarar hlotið skaða af.

Þá sagði Helgi að sýslumannsembættin í Reykjavík og í Kópavogi hefðu stöðvað aðgerðir sem beindust að ólögum gengislánnum. Mikilvægt væri að sýslumannsembætti um allt land tækju upp sama verklag. - mþl

Borgun semur við kínverskan greiðslukortarisa:

Kínverskir ferðamenn geta greitt með korti

VIÐSKIPTI Kínverskir ferðamenn geta nú notað greiðslukort á Íslandi. Samningar þess efnis tókust nýlega á milli Borgunar hf. og kínverska kreditkortarísans Union Pay sem er eitt stærsta kreditkortafyrirtæki heims. Kínverskir ferðamenn þurftu áður að nota peninga.

Markaðsrannsóknir sýna að kínverskir ferðamenn eyða að meðaltali meiri peningum en aðrir ferðamenn. Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað hratt hér á landi. Búist er við það haldi áfram á næstu árum.

Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar hf., telur að miklir hagsmunir séu í húfi fyrir íslenska ferðaþjónustu. „Þeir Kínverjar sem hingað

koma virðast vera vel efnaðir,“ segir Haukur. Einungis fáein ár eru síðan nokkrir tugir kínverskra ferðamanna komu til Íslands en árið 2010 voru þeir í kringum 5000.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðlegu ferðamálastofnuninni (UNWTO) er búist við því að fjöldi kínverskra ferðamanna til Evrópu muni fjórfaldast til ársins 2020. Að sögn Hauks er mikill áhugi á Íslandi á meðal Kínverja og fastlega er búist við því að aukning ferðamanna frá Kína haldist í hendur við þróunina í Evrópu.

Greiðslukortið sem um ræðir heiti Union Pay og er mest notaða greiðslukortið í Kína. Um 2,2 milljarðar manna notast við það í 16 löndum í Asíu. - vgu



KOSNINGAR Í AÐSIGI Kosningaspjöld hafa verið áberandi víða í borgum Írans, þótt aðgangur að upplýsingum í fjölmiðlum og á netinu hafi verið takmarkaður.

NORDICPHOTOS/AFP

Klerkastéttin gegn forseta

Íranar ganga að kjörborðinu í dag. Tvær fylkingar keppa um völdin en stjórnarandstaðan fær ekki að vera með. Allt varð brjáláð eftir kosningarnar fyrir þremur árum vegna ásakana um kosningasvik.

ÍRAN Stjórnarandstaðan í Íran á fyrirfram litla möguleika í þingkosningunum, sem haldnar verða í dag. Tveir helstu leiðtogar hennar hafa því hvatt landsmenn til þess að taka ekki þátt í kosningunum.

Þetta eru þeir Hussein Mússaví og Mahdi Karrubi, sem buðu sig fram gegn Mahmoud Ahmadinejad forseta í forsetakosningum fyrir þremur árum. Fjölmennt mótmaeli brutust út í kjölfar þeirra kosninga gegn Ahmadinejads, sem var sakaður um að hafa látið hagræða úrslitum kosninganna.

Þau mótmaeli voru barin niður og þeir Mússaví og Karrubi eru báðir enn í stofufangelsi. Þeir þurftu því að koma skilaboðum sínum til kjósenda um að sitja heima á framfæri í gegnum milli-göngumenn.

Stjórnvöld óttast að svipuð mótmaeli geti brotist út í kjölfar þingkosninganna í dag. Meðal annars þess vegna hefur aðgangur almennings að internetinu verið takmarkaður verulega og strangt aðhald haft með fjölmiðlum.

Þeim stjórnarandstæðingum, sem ætluðu að bjóða sig fram, hefur auk þess verið meinað að gera það. Af tæplega 5.900 manns sem upphaflega hugðust bjóða sig fram eru nú 3.444 í kjöri, eða rúmlega tveir þriðju upphaflega frambjóðenda.

Kosningabaráttan hefur því einkum snúist um innbyrðis átök tveggja meginfylkinga núverandi ráðamanna landsins. Ann-

3.444 er fjöldi frambjóðenda í kosningunum í dag. Upphaflega hugðust 5.900 manns bjóða sig fram.

ars vegar eru þar á ferðinni Mahmoud Ahmadinejad forseti og fylgismenn hans, einkum starfsmannastjóri forsetaskrifstofunnar, Rahim Mashaie, en hins vegar Ali Khameini erklerkur og mestöll klerkastéttin.

Þótt Ahmadinejad sé forseti landsins þá er það klerkastéttin sem í reynd hefur síðasta orðið um flest stærri þjóðmálin. Henni er uppsið við Ahmadinejad og Mashaie að því er virðist fyrir þá sök að þeir hafa stundum látið þjóðernissjónarmið ráða ferðinni frekar en trúarleg sjónarmið, sem birtist meðal annars í nokkuð reglulegum belgingi Ahmadinejads gagnvart Vesturlöndum.

Klerkastéttinni virðist mikið í mun að áhrif Ahmadinejads minnki í þingkosningunum, og beitr áhrifum sínum á fjölmiðla og netmiðla ekki síður til að takmarka möguleika Ahmadinejads í kosningunum. Almenn virðist því mega búast við því að klerkastéttin treysti völd sín í kosningunum á kostnað forsetans, en stjórnarandstaðan fái lítið að gert.

gudsteinn@frettabladid.is

MARS
TILBOÐ

Eitt mesta úrval landsins af
hvíldarstólum



Taktu það létt...
12
mån. vaxtalausr greiðslur

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is

Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-16

MYNDAVÉLARÝMING AÐEINS Í TVÖ DAGA

Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og
tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.
Rýmingin er aðeins í dag og á morgun!



JVC

CASIO

Nikon

OLYMPUS

Panasonic

VERÐ FRÁ KR. 9.990

Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!

Opið föstudaga 9 - 18.30 og laugardaga 11 - 16



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

FORSTJÓRA FJÁRMÁLAFTIRLITSINS VIKIÐ ÚR STARFI

Gunnar rekinn og kærður af stjórn FME

Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) kærði í gær Gunnar P. Andersen til lögreglu fyrir meint brot í starfi. Gunnari er gefið að sök að hafa aflað sér upplýsinga úr bankakerfinu með ólöglegum hætti. Gunnari var sagt upp störfum í gær en hann þvertur fyrir að nokkuð sé hæft í ávirðingum FME í sinn garð.

Stjórn FME boðaði til blaðamannafundar í gærmorgun með skömmum fyrirvara til að tilkynna um þá ákvörðun sína að Gunnari P. Andersen hafi verið sagt upp störfum sem forstjóra FME. Ástæða uppsagnarinnar var samkvæmt yfirlýsingu stjórnar að vegna fortíðar hans sem framkvæmdastjóra Landsbankans teldist hann ekki hægur til að gegna starfinu. Stjórn FME tilkynnti Gunnari um ákvörðun sína um morguninn og gerði honum að hætta þegar í stað.

Unnur Gunnarsdóttir, yfirlögfræðingur Fjármálaeftirlitsins, hefur tekið við forstjórastarfinu tímabundið sem verður auglýst til umsóknar síðar.

Kærður til lögreglu

Á fundinum var jafnframt greint frá því að á miðvikudag hafi stjórn FME borist ábendingar um að Gunnar kynni að hafa brotið af sér í starfi með því að afla sér trúnaðarupplýsinga úr bankakerfinu með ólöglegum hætti. Stjórnin hafi kært málið til lögreglu.

Kom fram að Aðalsteini Leifssyni, stjórnarformanni FME, bærust upplýsingarnar um meint brot Gunnars. „Síðdegis í gær fengum við upplýsingarnar með þeim hætti að við áttum engan annan kost en að kæra málið til lögreglu,“ sagði Aðalsteinn sem vísaði frá sér öllum spurning-

um blaða- og fréttamanna um kærsmálið. „Það væri fullkomlega óeðlilegt að ég færi nánar út í efnisatriði þess máls.“

Kæra stjórnar FME vegna meints brots hans í starfi og ákvörðun um að vísa Gunnari úr starfi eru tvö óskyld mál, að sögn Aðalsteins. „Hins vegar styður málið þá ákvörðun sem við höfðum komist að áður,“ sagði Aðalsteinn sem afhenti uppsagnarbréfið persónulega á heimili Gunnars áður en vinnudagur hófst hjá FME í gær.

Guðlaugur Þór

Fréttablaðið hefur fengið staðfest að upplýsingarnar sem meint brot Gunnars varða snúa að fjármálum Guðlaugs Þ. Þórðarsonar alþingismanns. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Guðlaug í gær vegna málsins hafði hann ekki upplýsingar um hvaða gögn sé um að ræða.

Fréttablaðið hefur hins vegar fengið það staðfest að starfsmaður Landsbankans hafi tekið saman gögn um einkahagi Guðlaugs stuttu fyrir orð Gunnars. Starfsmanninum hefur verið sagt upp störfum. Gögnin urðu tilefni umfjöllunar DV á miðvikudag um sölu Guðlaugs Þórs á umboði fyrir tryggingamiðlun svissneska tryggingafélagsins Swiss Life, sem hann selði til Landsbankans á sínum tíma. Í umfjöllun kemur meðal annars fram að blaðið hafi reikningsyfirlit Guðlaugs undir höndum.

Lögmaður sendir tilkynningu

Lögmaður Gunnars, Skúli Bjarnason hæstaréttarlögmaður, fullyrðir hins vegar í fréttatilkynningu sem barst fjölmiðlum síðla dags í gær að „gögn frá Landsbankanum um umræddan stjórnsmálamann hefur umboðandi minn aldrei séð þrátt fyrir fullyrðingar fjölmiðla nú í dag um hið gagnstæða“.

Í fréttatilkynningunni kemur fram að Gunnar lýsi sig „fullkomlega saklausan af öllum sakargiftum, jafnvel þótt hann hafi af



GUNNAR P. ANDERSEN Lögmaður Gunnars P. Andersen, fyrrverandi forstjóra FME, segir Gunnar aldeí hafa séð gögn Landsbankans um Guðlaug P. Þórðarson alþingismann.

því bitra reynslu í samskiptum við stjórn FME, en stjórnin hefur beitt ótrúlegum útrúningum og ítrekað lýst því opinberlega yfir að þessi staðfasta afstaða Gunnars til rangs sakburðar sé sérstök sönnun um sekt hans en ekki sakleysi!“

Í fréttatilkynningunni kemur fram að í uppsagnarbréfi Gunnars komi fram að stjórn FME vitnar í bréf frá Landsbankanum varðandi málið sem kært hefur verið til lögreglu. „Upplýsingar sem fram koma í téðu bréfi bankans eru sagðar á meðal nokkurra nýrra brottrekstrar-ástæðna umboðanda míns,“ segir í bréfi Skúla.

Ástæða uppsagnar forstjórans

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum veitti Gunnar tveimur

aflandsfélögum forstöðu á vegum Landsbankans þegar hann starfaði þar sem framkvæmdastjóri. Það er mat stjórnar FME að hann hafi tekið þátt í því að „veita FME villandi eða beinlínis rangar upplýsingar um tilvist félaganna“, eins og segir í yfirlýsingu stjórnar frá því í gær. Aflandsfélögin tvö báru nöfnin NBI Holdings Ltd. og LB Holding Ltd. og voru sett á fót, að sögn Aðalsteins, til að fara með eignarhald í félögum svo það kæmi ekki fram í efnahagsreikningi Landsbankans og hafa þannig áhrif á eiginfjárstöðu bankans. „Þessi viðskiptaflétta hefði aldrei gengið upp ef Fjármálaeftirlitið hefði haft vitneskju um þessi félög,“ sagði Aðalsteinn.

Í máli stjórnarmanna FME kom fram að röng upplýsingagjöf til

eftirlitsins varði við lög og við þeim liggja refsing. Mál Gunnars sé hins vegar fyrnt.

Gunnar hefur, frá því að það kom upp, staðfastlega sagt að hann hafi staðið rétt að verki við upplýsingamiðlun gagnvart FME á sínum tíma. Í tilkynningu lögmanna hans frá því í gær segir: „Málið snerist aldrei um nein rök eða upplýsingar, þaðan af síður um réttlæti. Engin boðleg rök hafa verið færð fyrir uppsögn Gunnars, engin ný gögn lögð á borðið. Þá hefur réttur umboðanda míns verið virtur að vettugi, bæði lögbundinn andmælaréttur og lögvarin réttindi hans sem opinbers embættismanns.“

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Fréttablaðsins í gær náðist ekki í Gunnar til að hann gæti skýrt einstakar hlíðar málsins persónulega.

Fréttatilkynning

Vegna málefna FME sendi efnahags- og viðskiptaráðuneytið frá sér fréttatilkynningu þar sem kemur fram að staðinn verði vörður um stjórnskipulegt og faglegt sjálfstæði FME. Tilkynningin er jafnframt stuðningsyfirlýsing við stjórn FME.

Trúverðugleiki FME

Aðalsteinn metur stöðu FME með þeim hætti að trúverðugleiki eftirlitsins hafi ekki borið skaða af deilum þess við Gunnar, þó annað virðist hins vegar blasa við. Hann telur þvert á móti að framgangi stjórnar FME í málinu muni styrkja trúverðugleika stofnunarinnar þegar til lengri tíma er litið.

Þá sagði Aðalsteinn að uppsögn Gunnars hafi ekki og muni ekki hafa nein áhrif á þau mál sem FME hefur fjallað um á starfstíma Gunnars, en tugir mála hafa verið sendir embætti sérstaks saksóknara til meðferðar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



DEILUR FJÁRMÁLAFTIRLITSINS OG GUNNARS ANDERSEN

3. APRÍL 2009

Gunnar P. Andersen ráðinn forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Hann var valinn úr hópi nítján umsækjenda.

12. APRÍL 2010

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis kemur út. Þar komu meðal annars fram upplýsingar um aðkomu Gunnars að aflandsfélögum í eigu Landsbankans á árinu 2001 þegar hann starfaði hjá bankanum. Stjórn FME leitaði í kjölfarið til Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanna og bað hann um að vinna álit á hæfi Gunnars til að gegna forstjórastarfinu í ljósi þessara upplýsinga.

10. NÓVEMBER

Andri Árnason skilar athugun sinni um hæfi Gunnars til stjórnar FME. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu ákvað stjórnin að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar í málinu.

17. NÓVEMBER 2011

Kastljós á RÚV fjallar um hæfi Gunnars til að starfa sem forstjóri FME í ljósi nýrra gagna sem þáttar-gerðarmenn töldu sig hafa undir höndum um aðkomu Gunnars að aflandsfélögum þegar hann starfaði hjá Landsbankanum.

18. NÓVEMBER

Stjórn FME ákveður á fundi sínum að fara fram á að Andri Árnason vinni viðbótarathugun á hæfi Gunnars í ljósi þess sem fram kom í Kastljósinu daginn áður. Auk þess er ákveðið að faglegur og óháður aðili verði fenginn til að rýna í málið.

13. JANÚAR 2012

Andri skilar öðru álitu um hæfi Gunnars. Í því stendur hann að öllu leyti við fyrri niðurstöður sínar um hæfi Gunnars og telur ekkert nýtt hafa komið fram um málið í umfjöllun Kastljóss eða í þeim gögnum sem aflað var í kjölfar umfjöllunarinnar. Stjórn FME ákvað í kjölfarið að fela Ástráði Haraldssyni hæstaréttarlögmanni og Ásbirni Björnssyni endurskoðanda að fara yfir álit Andra og gögn málsins og gefa sjálfstætt álit á hæfi Gunnars.

16. FEBRÚAR

Ástráður og Ásbjörn skila greinargerð til FME. Þeir komast að því að Gunnar hafi gefið villandi og ófullnægjandi upplýsingar um erlenda starfsemi Landsbankans í svari við fyrirspurn FME til bankans árið 2001.

17. FEBRÚAR

Stjórn FME boðsendir Gunnari bréf þar segir að honum sé „með þessu bréfi kynnt sú fyrirætlan að segja þér upp störfum sem forstjóra stofnunarinnar“. Gunnar fær frest út mánudaginn 20. febrúar til að andmæla uppsögninni.

20. FEBRÚAR

Lögmaður Gunnars, Skúli Bjarnason, sendir bréf til stjórnar FME og óskar eftir lengri andmælafresti. Stjórnin samþykkir að veita Gunnari frest fram á fimmtudagskvöldið 23. febrúar.

23. FEBRÚAR

Lögmaður Gunnars fer fram á rýmri frest til andmæla. Hann er samþykktur og Gunnar fær frest til þriðjudagsins 28. febrúar.

29. FEBRÚAR

Fjármálaráðherra sendir lögmanni Gunnars bréf þar sem segir að hann hafi réttarstöðu sem embættismaður ríkisins í málinu.

1. MARS

Stjórn FME boðar til blaðamannafundar og tilkynnir að Gunnari hafi verið sagt upp störfum. Enn fremur hefur hún kært hann til lögreglu vegna þess að hann kann að hafa brotið af sér í starfi með því að afla sér trúnaðarupplýsinga úr bankakerfinu með ólöglegum hætti.

2009
apríl
2010
apríl
nóvember

2011
nóvember

2012
janúar

febrúar

mars

ÚTSALA Á HREINLÆTISTÆKJUM AÐ BÆJARLIND 6 Í KÓPAVOGI

Handlaugar
WC
Innréttingar

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP
Útsalan stendur aðeins frá 2.-10. mars

Flísa & Bað
MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opíð mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.



GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA



FÓLKID HEFUR TALAD

Frámúrskarandi viðtökur íslenskra kaffiunnenda gerðu Gevalia að mest selda kaffi á Íslandi og færðu herferðinni „Gott kaffi fær fólk til að tala“ Lúðurinn - árangursríkustu auglýsingaferð ársins 2011.

Kærar þakkir.





-10 kr.
í fyrsta skipti



10% afsláttur



10% afsláttur af bíla-
vörum



-3 kr.
hjá Olís



10% afsláttur



-3 kr.
alltaf



Quiznos

10% afsláttur



-10 kr.
á afmælis-
daginn



Smurstöðvar

10% afsláttur

15 kr. afsláttur

af lítranum í 10. hvert skipti
sem þú dælir 25 lítrum
eða meira með ÓB-lyklinum.

Sjálfvirk talning hefst frá og með deginum í dag og gildir fyrir
virka ÓB-lykla á öllum ÓB- og Olís-stöðvum.

Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.



1. Séráflættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmælisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykillinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 3,75 kr. í formi Vildarpunkta Icelandair.



Gæti tekið mánuði að klára endurútreikninga gengislána

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir það erfitt að stjórna fjármálafyrirtæki á Íslandi vegna innri aðstæðna. Í viðtali við *Pórrð Snæ Júlíusson* segir hún að það geti tekið mánuði að klára endurútreikninga vegna nýs gengislánadóms Hæstaréttar.

Samruni Íslandsbanka og Byrs, sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði, verður að fullu frágenginn um helgina. Við það mun efnahagsreikningur Íslandsbanka stækka um fimmting. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir samrunaferlið hafa gengið sérlega vel. „Það er mjög flókið ferli að flytja viðskipti eins banka yfir á annan, upplýsingatæknilega séð. Við erum búin að sameina fimm útibú og breyttum Byr-útibúinu í Hraunbæ í Íslandsbanka-útibú. Þó að tæknilegi þátturinn skipti gríðarlega miklu máli þá skiptir ekki síður máli hversu jákvætt starfsfólkið hefur verið í garð sameiningarinnar.

Þegar við höfum verið að opna útibúin á ný eftir sameiningu þá hafa viðskiptavinirnir verið að mæta til að kanna hvort sitt fólk sé ekki alveg örugglega á staðnum. Þeir eru svo tengdir sínu starfsfólki. Þegar þeir sjá að svo er þá er viðskiptavinurinn ánægður. Og þá erum við ánægð. “

Sársaukafullt ferli

Samruninn hefur þó verið fjarri því sársaukalaus. Alls hefur stöðugildum verið fækk-

við gerðum tilboð í Sparisjóð Norðfjarðar og að við höfum áhuga á að koma að þeim rekstri. Það var hins vegar ákveðið að taka engu tilboði í hann.“

Flækjustig í gengisdómamálum

Fyrir í febrúarmánuði féll enn einn gengislánadómur í Hæstarétti sem hefur í för með sér að endurreikna þarf fjölmörg lán sem bankarnir voru þegar búnir að endurreikna. Spurð um heildarkostnað bankans vegna þeirra leiðréttinga sem hann þarf að ráðast í í kjölfar dómsins segir Birna þá vinnu standa yfir. Fjármálaeftirlitið sé búið að stilla upp ákveðnum sviðsmyndum varðandi málið. „Flækjustigið liggur í því hvernig eigi að standa að útreikningnum. Dómurinn svarar því í sjálfu sér ekki skýrt. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hafa bankarnir óskað eftir því við Samkeppniseftirlitið að fá leyfi til að ræða saman um hvernig við endurreiknum þetta þannig að þetta verði samræmt milli bankanna. Ef það verður jákvætt þá er það mín skoðun að sú leið sé betri en aðrar.

Síðan eiga eftir að falla fleiri dómur sem segja skýrar með hvaða hætti við eigum að

„Hvernig eigum við að reikna þetta? Því hefur ekki verið svarað. Við vorum svo sannarlega ekki að búast við því að byrja neðst í bunkanum aftur.

að um 125 í tengslum við hann. Um 50 var sagt upp störfum, starfsamningar annarra voru ekki endurnýjaðir, sumum var boðið upp á starfslok áður en þeir voru komnir á aldur og ekki var ráðið í störf þegar starfsmenn hættu.

Að sögn Birnu er vilji til þess innan bankans að ná fram enn frekari hagræðingu og áætlanir um hvernig sé hægt að ná henni fram liggja fyrir. „Við vonumst þó til þess að það verði hægt að hagræða án frekari sársaukafullra aðgerða. Það er hægt að fara aðrar leiðir. Við erum til dæmis komin langt með að klára endurskipulagningu á lánasafni bankans. Við það starfa margir starfsmenn á stuttum samningum sem munu renna út. Við erum að sjá fyrir okkur að það verði fækkun í þessum hluta starfsmanna þegar við horfum fram á veginn. En auðvitað vonum við að sem flestir geti fengið önnur störf sem stafa af vexti bankans í framtíðinni. Þar verða tækifæri og vonandi getum við boðið upp á störf sem þykja spennandi á þeirri hliðinni.“

Stærsti samruninn

Samruni Íslandsbanka og Byrs er langstærsti einstaki samruni fjármálafyrirtækja sem átt hefur sér stað eftir bankahrun. Birna telur ekki ómögulegt að ráðast í enn frekari sameiningar, þótt það yrði líkast til þungt í samkeppniseftirliti. „Mín skoðun er sú að það sé mikil samkeppni á fjármálamarkaðinum. Samkeppniseftirlitið er búið að gefa það út að það yrði þungt að ráðast í stórar sameiningar á honum. En það er þó ekki alveg útilokað. Það væri hægt að framkvæma þær með ýmiss konar skilyrðum. Það er ekkert ómögulegt. En svo verður bara að sjá hvað verður gert með þá sparissjóði sem eftir eru. Það hefur komið fram áður opinberlega að

gera þetta. Einhverjir þeirra eru í pípunum. Það þarf að taka ákvörðun um hvort beðið verði eftir þeim eða hvort það verði tekinn einn snúningurinn enn áður en lokaniðurstaða liggur fyrir.“

Óvissa um endurreikninga

Töluverð óvissa hefur einkennt umræðuna um hversu víðtæk áhrif hins nýfallna dóms séu. Að mati Birnu nær hann yfir þau lán sem hafa verið dæmd ólögleg. „Lögin sem sett voru í desember 2010 sópuðu saman ákveðnum lánaflökkum og hætt var við málarekstur í mörgum þeirra í kjölfarið. Sú lagasetning leysti ákveðinn vanda. Við tókum henni að hluta til fagnandi. Það var búið að dæma að bílalanin væru ólögleg á þessum tíma og við vorum í vandræðum með hvernig við ættum að endurreikna lánin og lagasetningin svaraði því. En við stöndum kannski á sama stað núna og fyrir þá lagasetningu. Hvernig eigum við að reikna þetta? Því hefur ekki verið svarað. Við vorum svo sannarlega ekki að búast við því að byrja neðst í bunkanum aftur.“

Gæti tekið mánuði

Birna segist ekki geta sagt til um hvenær niðurstaða um hvernig eigi að reikna lánin liggja fyrir. Þó telur hún að það verði talið í vikum eða mánuðum. „Ein þeirra spurninga sem er ósvarað er hvort það þurfi að bíða eftir öðrum dómum. Ef svo er þá mun þetta taka lengri tíma. En ef samkomulag næst um hvernig eigi að reikna lánin ætti það að stytta þann tíma. Þetta er gríðarlega mikið verkefni. Íslandsbanki er til dæmis með um tólf þúsund bílalanasamninga. Það fylgir því töluverð vinna að fara í gegnum þá alla aftur.“



BANKASTJÓRINN Birna segir að samrunaferlið við Byr hafi gengið sérlega vel. Það hafi verið flókið en það hafi skipt miklu máli hversu jákvætt starfsfólk bankanna hafi verið í garð sameiningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erlendir aðilar hafa sýnt bankanum áhuga

Dómar Hæstaréttar eru ekki eini óvissuþátturinn sem er til staðar í starfsumhverfi íslenskra fjármálafyrirtækja í dag. Hérlandis eru í gildi gjaldþyrshöft, stærstu bankarnir eru að stórum hluta í eigu þrotabúa og skattlagning á kerfið er víðtækari en þekkt í nágrannaríkjunum.

Birna segir þessa óvissu helst trufla erlenda aðila sem hafa áhuga á að koma að fjárfestingum á Íslandi. „Það eru þættir eins og skattaálgömur, dómur vegna erlendu lánanna og viðhorf til erlendra fjárfestinga. Það

er mjög erfitt að stjórna fjármálafyrirtæki í þessu laga- og pólitíska umhverfi sem við erum í. Við finnum það þegar við erum að tala við erlenda banka. Þá eru þeir með ákveðið mat á rekstri bankans, en hafa síðan meiri áhyggjur af þessu umhverfi sem við erum að starfa í. Sérstaklega skattlagningunni sem er á kerfinu. Hún er mjög þung fyrir fjármálafyrirtækin. Það sem við höfum verið að leggja áherslu á er að þetta sé í samræmi við það sem er að gerast annars staðar og að

við þurfum ekki að vera að útskýra séríslenska skattlagningu sem þessir bankaskattar eru.“

Svissneski bankinn UBS hefur verið að vinna fyrir þrotabú Glitnis, stærsta eiganda Íslandsbanka, að því að setja saman áætlun um framtíðar-eignarhald. Birna segir að erlendir aðilar hafi sýnt málinu áhuga. „Staðan í bankakerfinu í Evrópu er náttúrulega þung um þessar mundir. En ég held að þetta yrði frábær fjárfesting fyrir erlenda sem innlenda fjárfesta.“

Íslenskur fjármálamarkaður hefur farið hægt af stað eftir hrun. Þegar Íslandsbanki skráði sértryggð skuldabréf í Kauphöll Íslands í desember 2011 var um að ræða fyrstu skráningu sem átt hafði sér stað þar síðan í hruninu. Í kjölfarið voru Hagar skráðir á hlutabréfamarkað og Arion banki skráði sértryggðan skuldabréfaflokk. Í dag er þó staðan enn þannig að mun meiri eftirspurn er til staðar eftir fjárfestingamöguleikum en framboð.

Birna er þó bjartsýn á að mark-

aðir muni taka vel við sér í ár. „Ég er algjörlega sannfærð um það að árið 2012 verður árið sem hlutirnir gerast. Við verðum að vona að það komi námst, en á meðan gætu komið tímabundnar bólur. En ég er mjög bjartsýn á að við munum koma á aftur almennilegum fjármálamarkaði hér á landi.“



NÝJAR VÖRUR DAGLEGA MARSERING Á LÖÖNGUM LAUGARDEGI 3.MARS

Í NAFNI HÖNNUNAR, TÍSKU, FERMINGA
& FJÖLBREYTIKA MANNLÍFSINS Í MIÐBORGinni

HÖNNUNARMARS

HEFUR DAGSKRÁ SÍNA 22.MARS

TÍSKUKVÖLDIÐ FASHION NIGHT OUT

VERÐUR 31.MARS Í TENGLUM VIÐ

REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL

BLÚSHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK, FOOD & FUN

OG FJÖLDI ANNARRA VIÐBURÐA SETUR SVIP Á MARSMÁNUÐ.

HLJÓMSVEITIN CATERPILLAR MEN

KEMUR FRAM MILLI 14 - 17 VÍÐSVEGAR

UM MIÐBORGina.

VERUM,
VERSLUM
& NJÓTUM,
ÞAR SEM HJARTA
MIÐBORGARINNAR
SLÆR!



skoðun

greinar@frettabladid.is

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins látinn víkja:

Nýja eða gamla Ísland?

Mörg stór orð hafa fallið um deilur Gunnars Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, og stjórnar stofnunarinnar undanfarnar vikur. Óhætt er að segja að stjórnin hafi staðið höllum fæti í umræðunni, enda verið tregari til að tjá sig en forstjórinn.

Það virðist hafa villt mörgum sýn að Gunnar Andersen hefur verið í því hlutverki að taka í lurginn á fyrrverandi undrabörnum og útrásarvíkingum, sem grunaðir eru um lögbrot. Því hlutverki hefur hann sinnt vel, en það þýðir ekki að hans eigin gjörðir séu hafnar yfir skoðun eða gagnrýni.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Það er ekki rétt hjá forstjórnunum að stjórn FME hafi reynt að losna við hann að tilefnislausu. Gögn málsins sýna að Gunnar tók þátt í því, sem starfsmaður ríkisbankans Landsbankans árið 2001, að leyna fyrir FME tilvist tveggja aflandsfélaga þar sem hann sat í stjórn og tengdust bankanum. Tilgangurinn með félögunum var að hafa með leynd áhrif á efnahagsreikning bankans. Að gefa FME rangar upplýsingar er refsivert og sá sem í dag yrði uppvis að slíku gæti ekki orðið forstjóri fjármálaeftirlitsins, hvað þá FME. Gunnar heldur fram að FME hafi ráðlagt honum að segja ekki frá félögunum. Engin gögn styðja þær fullyrðingar. Hann viðurkennir að hafa ekki veitt upplýsingarnar, en sér ekkert að því.

Þess vegna er það rétt sem stjórn FME segir, að hæfi og trúverðugleiki forstjórnarinnar og þar með eftirlitsins er ekki hafið yfir vafa. Forstjórinn getur þurft að taka á sambærilegum málum. Þegar þessar upplýsingar voru komnar fram hefðu sumir embættismenn – að minnsta kosti í útlöndum – bara sagt af sér að fyrra bragði.

Í hina hörðu umræðu um aðför stjórnarinnar að Gunnari vantar líka einhverja trúverðuga skýringu á því af hverju stjórnin hefði átt að ganga erinda þeirra sem eru í rannsókn hjá FME. Stjórnin stóð þvert á móti með Gunnari framan af, þegar gögn komu fram um tengsl hans við aflandsfélögin. Hún ákvað sömuleiðis að senda þau mörgu mál, sem forstjórinn lagði fyrir hana, til saksóknara.

Stjórn FME kann hins vegar að vera í vandræðum vegna þess að hún hafi farið á svig við lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, sem gera ókleift að reka embættismann án undanfandi áminningar. Þau lög eru reyndar úr sér gengin og gera alla starfsmannastjórnun hjá ríkinu þunga í vöfum. Það breytir ekki því að þau eru landslög og ekki er ósennilegt að Gunnar geti sótt skaðabætur fyrir dómi vegna ólögætrar uppsagnar.

Engu að síður er trúverðugleiki FME til framtíðar betur tryggður með þeirri niðurstöðu sem tilkynnt var í gær en ef stjórnin hefði tekið þá afkáralegu ákvörðun að áminna forstjórnann og halda svo áfram að vinna með honum eins og ekkert hefði í skorizt.

Yfirlýsingar lögmanns Gunnars fyrir hans hönd í fréttatilkynningu í gær um „sorgardag“, „Sovét-Ísland“, og að nú hafi Gamla Ísland sigrað Nýja Ísland eru fram úr hófi dramatískar og ekki trúverðugar. Stjórn FME virðist einmitt hafa ákveðið að taka slaginn í þágu Nýja Íslands, með því að tryggja að trúverðugleiki þeirra

FRÁ DEGI TIL DAGS

Andersen-lykillinn

Það er leiðinlegt þegar menn dylgja um annað fólk. Nú má vera að voldugir menn hafi síðustu daga og vikur farið óskaplega illa með Gunnar P. Andersen – hrakið hann úr starfi og kært til lögreglu fyrir engar sakir. Hann segist raunar sjálfur, í mergjaðri og makalausri yfirlýsingu í gær, ætla að gera grein fyrir sinni „heilðstæðu sýn“ á stríð sitt við stjórn FME á næstu dögum. Vonandi lukkast honum það vel. En þangað til ætti hann að láta hálfkveðnar vísur á borð við þessa eiga sig: „Alltaf er slæmt þegar stigið er á tær, einkum

þær sem tengjast bæði peningavaldi og pólitík. Það skyldi þó aldrei vera að í sjálfri kærinni sé að finna lykillinn að lausn gátunnar um raunverulegar ástæður tafarlauss brottrekstrar.“ Þetta er eins og úr lélegri bók eftir Dan Brown og enginn er neinu nær.

Traustið

Að sama skapi væri stjórn FME réttast að upplýsa almenning – eigendur stofnunarinnar – í smáatriðum um það hvað forstjóri hennar er grunaður um að hafa gert af sér. Þangað til er tal stjórnarformannsins um að hann vilji auka traust á stofnunina bara hjóm.

Segðu það eða þegiðu

Annar sem dylgjar er Glúmur Baldvínsson. Hann ber hönd fyrir höfuð föður síns, Jóns Baldvins Hannibalssonar, í samtali við Pressuna. „Ef rétt er, að frænka hafi fengið greitt fyrir viðtalið, þá vona ég, hennar vegna, að hún hafi samið um prósentur af sölu,“ segir Glúmur, og vísar til Guðrúnar Harðardóttur, sem sagði frá blautlegum bréfum Jóns í Nýju lífi í fyrri viku. Veit Glúmur til þess að hún hafi fengið greitt? Ef svo er á hann að segja það, en þegja ella.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Milljarða atkvæðareikningur

Fjármál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Helgi Hjörvar alþingismaður er hálf-drættlingur á við Kristján Þór Júlíusson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, þegar kemur að uppboðsmarkaði á skattfé almennings. Hann telur sig af þeim sökum hófsemdarmann og tillögur sínar sáttatillboð. Þetta er alvarlegur miskilningur. Tillagan er róttæk, breytir leikreglum eftir á, ógildir bindandi samninga og gerir eignir upptækar á kostnað ríkissjóðs. Tillaga Helga færir afmörkuðum hópi íbúðakaupenda 100 milljarða króna og ætla skattgreiðendum að greiða reikninginn.

Þessi fjárhæð er tvöfalt hærri en það sem ríkið leggur árlega til almannatryggingakerfisins. Hún er þrisvar sinnum hærri en kostnaðurinn við rekstur Landspítalans. Þar sem ríkið verður að skera niður útgjöld til þess að eiga fyrir sátt Helga Hjörvar munu aldraðir og sjúkir greiða þennan reikning. Ellilífeyrir verður skertur og dregið úr þjónustu hins opinbera bæði nú og í framtíðinni.

Þeir sem eiga rétt á þessari þjónustu og munu þurfa á henni að halda á næstu árum hafa spilað eftir leikreglum í þjóðfélaginu, greitt sína skatta, keypt sér húsnæði og virt þá samninga sem þeir

hafa gert. Opinber gögn benda til þess að hópurinn sem keypti í eignabólunni, og sem Helgi vill gefa skattféð, sé vel menntaður, með góðar tekjur, á fertugsaldri og hafi ekki verið að kaupa sína fyrstu íbúð. Því er líklegt að flestir hafi selt íbúð á uppsprengdu verði og haft verulegan hagnað.

Gangi eftir tillögur Helga Hjörvar og fleiri verður hagnaðurinn einkavæddur en tapið sent á skattgreiðendum.

Gylfi Magnússon, fyrrverandi ráðherra, skrifaði fyrir nokkrum dögum grein í Fréttablaðið og setti fram sínar hugmyndir til lausnar. Þær voru raunhæfar og tóku mið af því sem áður hefur verið gert við svipaðar aðstæður. Gylfi leggur til að þeir sem keyptu sína fyrstu íbúð í eignabólunni á fasteignamarkaðinum fái á næstu árum ríkisaðstoð í gegnum vaxtabótakerfið. Það má kalla sanngarnt þar sem þeir engu eigna eignabóluhagnað en báru fullan kostnað af háu íbúðaverði. Tillögur Gylfa eru miklu frekar sáttatillboð en þjóðnýting Helga Hjörvar fyrir fáa útvalda. Meginreglan verður að vera að ábyrgðin af viðskiptum hvíli aðeins á þeim sem eiga í viðskiptum.

Lagerútsala!

30-70%

Betra
BAK

Komið nóg, Ólafur

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ólafur Ragnar Grímsson hélt blaðamannafund á Bessastöðum í vikunni, hrærður og hlessa yfir því að Guðni Ágústsson skyldi birtast þar með undirskriftir sér til stuðnings. Sá leikþáttur sem þar var settur upp var ekki sérlega trúverðugur. En þótt Ólafur neiti því að um fyrirframákveðna atburðarrás hafi verið að ræða þá geta allir dæmt um hvort þögn hans við fjölmiðla, afskiptaleysi af undirskriftasöfnun sér til stuðnings og sérstakir „opnir dagar“ á Bessastöðum í henni miðri styrki þá sögu eða ekki.

Blöf!

Í ljósi þeirra hefða sem myndast hafa í kringum forsetaembættið er það ekki til eftirbreytni að sá sem gegni embættinu yfi að því að hann ætli að láta leikinn eiga sig en mæti svo á völinn með fullskipað lið og áhorfendur með. Kannski hafa aðrir verið að íhuga framboð. Eiga þeir að bíða í von og óvon eftir því hvað Ólafur gerir?

Það hefur nefnilega þótt dónaskapur að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta Íslands. Alvörumræða um eftirmann hefst sjaldnast fyrr en fyrir liggur endanlega að sitjandi forseti sé að hætta. Af því leiðir að óskýr og síbreytileg svör sitjandi forseta eru ferlinu öllu fremur til skaða heldur en gagns.

Fyrirframskýrt eftir á

Talaði Ólafur skýrt í nýársávarpi sínu? Nú vill hann meina að það hafi hann gert og sagst ekki ætla að bjóða sig fram að nýju. Sjálfur játa ég að það hafi verið minn fyrsti skilningur á ávarpinu einnig þótt aðrir hafi fljótt talið að ávarpið hafi í raun verið að gefa

tóninn fyrir þá atburðarás sem nú er í gangi: Að forsetinn hafi verið að skapa eftirspurn eftir sjálfum sér. Með því að þykjast minnka líkur á framboði.

Ólafur forðaðist að skýra ákvörðun sína nánar við fjölmiðla, þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað og þrátt fyrir að margir létu í ljós þá skoðun að um plott væri að ræða. Þá lét hann sér fátt um finnst þótt hópur stuðningsmanna hans opnaði vefsíðu og safnaði undirskriftum undir áskorun þess efnis að hann sæti á forsetastóli fjögur ár til viðbótar.

Væntanlega hefði Ólafur getað sagt: „Kæru vinir, takk fyrir hugulemina en ég hef tekið mína ákvörðun.“ Hann hefði líka getað sagt: „Ég mun ekki fara fram þótt á mig verði skorað.“ Það hefði sannarlega verið skýrt.

hvaðeina, en við skulum ekki vera barnaleg. Ef sitjandi forseti fer fram á grundvelli þessara undirskrifta þá er hann að sýna styrk sinn gagnvart hugsanlegum mótherjum.

Eitt annað sem einhverjum kann að virðast smámál en er það ekki. Ætti hugsanlegur frambjóðandi Ólafur Ragnar Grímsson ekki að nota Bessastaði undir blaðamannafundi sem eru hluti af væntanlegri kosningabaráttu hans? Þetta er ekki eins og áskoranir um að synja einhverjum lögum staðfestingar. Þessari áskorun var beint til einstaklingsins Ólafs Ragnars, en ekki til forsetaembættisins.

Vigdís aftur?

Það er lítil vafi í mínum huga að Vigdís Finnbogadóttir hefði hæglega geta látið safna tugþúsundum undirskrifta sér

Það er auðvitað lýðræðislegur réttur Ólafs Ragnars að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. En sú atburðarás sem þessi „klóki PR maður“ virðist hafa smíðað til að láta sem þjóðin hafi nú fleygt honum í hringinn nauðugum mun seint höfða til mín.

Að sýna stórkotaliðið, á Bessastöðum

Stjórnarskráin gerir ráð fyrir ákveðnu ferli við undirskriftasöfnun til stuðnings forsetaframbjóðendum. Þær undirskriftasafnanir fara fram á ábyrgð frambjóðenda. Þær eru yfirfarnar af Landskjörstjórn. Þar er kveðið á um lágmark meðmælanda en einnig hámark, einmitt til að úrslitin ráðist í leynilegum kosningum í kjörklefanum, í stað þess að frambjóðendur reyni að útkljá viðureignina með því að sýna styrk sinn utan hans. Auðvitað er mönnum frjálst að safna undirskriftum undir

til stuðnings árið 1996, hefði hún gefið það til kynna að hún kærdi sig um þær. Eins efa ég það ekki að talsverð eftirspurn hafi verið eftir störfum hennar og nærveru, bæði innan lands sem utan. Líklegast hefur svipað gilt um aðra forseta lýðveldisins.

Það er auðvitað lýðræðislegur réttur Ólafs Ragnars að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. En sú atburðarás sem þessi „klóki PR maður“ virðist hafa smíðað til að láta sem þjóðin hafi nú fleygt honum í hringinn nauðugum mun seint höfða til mín. Og ég held að hún sé íslenskum lýðræðishefðum ekki til framdráttar.

Orkuverð og almannahagur

Orkumál

Oddný G. Harðardóttir
fjármálaráðherra



Tímamótaákvörðun var tekin á Alþingi 2003 þegar sett voru ný raforkulög. Með þeim lögum var vinnsla og sala raforku gefin frjálst og horfið frá þeirri stefnu að stjórnvöld hlutuðust til um verðmyndun eins og áður var. Með þeim lögum var stjórnvöldum falið að tryggja forsendur samkeppni í sölu og vinnslu raforku en gert að hlutast ekki beint til um verðmyndun þessara þátta. Einn þeirra þingmanna sem greiddi þessum lögum atkvæði sitt var Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann skrifar grein í Fréttablaðið í gær og fjallar þar um mögulega hækkun raforkuverðs í framtíðinni en sleppir aðalatriðinu, þ.e. fyrrnefndum lögum.

Þessi löggjöf breytti í fyrstu litlu hvað varðar hagsmuni almennings enda voru öll raforkufyrirtækin á þessum tíma í okkar eigu. Þetta átti síðar eftir að breytast þegar einkavæðing á Hitaveitu Suðurnesja hófst með sölu ríkisins á hlut sínum árið 2007.

Landsvirkjun hefur opinberlega kynnt spár sérfræðinga sinna á þróun raforkuverðs í Evrópu. Þær gera ráð fyrir

áframhaldandi hækkun á þeim markaði. Af þeim sökum vonast Landsvirkjun til að geta selt raforku á herra verði til orkufreka iðnaðarins hér á landi á næstu árum. Ein sviðsmyndin gerir ráð fyrir því að það takist að tvöfalda meðalverð seldrar orku á næstu 20 árum. Fjarlægð Íslands frá stærri raforkukerfum veldur því að verðmyndun hér tekur mið af þeirri eftirspurn sem er hér á

Fjarlægð Íslands frá stærri raforkukerfum veldur því að verðmyndun hér tekur mið af þeirri eftirspurn sem er hér á landi.

landi. Það er eingöngu vegna þess að engir möguleikar eru til þess að flytja orkuna út með beinum hætti. Svipaðar aðstæður voru í Noregi fyrir tveimur áratugum en þá var hafist handa við að tengja Noreg betur við raforkukerfin í nágrennanríkjunum. Við það hækkaði raforkuverð í Noregi töluvert, norskum almenningi til hagsbóta, því þeir fá auðlindaarðinn í ríkiskassann og til sveitarfélaga.

Raforkuverð er því ekki stjórnaðsákvörðun heldur afleiðing markaðsaðstæðna. En vegna þess að langstærsti hluti raforku-

fyrirtækjanna á Íslandi er í opinberri eigu og um 80% raforkunnar eru seld til orkufreks iðnaðar er það hagur almennings, hér á landi eins og í Noregi, að orkuverð hækki. Rétt eins og það er hagur Norðmanna og Sáði-Araba að olíuverð hækki, og Íslendinga að fiskverð hækki.

Takist þetta er það ákvörðun stjórnvalda þegar þar að kemur að ákveða hvort hlifa beri almenna markaðinum við slíki hækkun. Það verður auðvelt ef raforkufyrirtækin verða í opinberri eigu. Því þá á almenn-ingur í viðskiptum við sjálfan sig. Algjört skilyrði er að auðlindirnar verði í opinberri eigu og því mun hvorki Samfylkingin né núverandi ríkisstjórn taka þátt í því að einkavæða náttúruauðlindir þjóðarinnar.

Ef raforkuverð hækkar í framtíðinni vegna markaðsaðstæðna á Íslandi er m. a. hægt að velja milli eftirfarandi leiða:

1. Afnema fyrrnefnd lög sem Einar samþykkti 2003 og hefja opinber afskipti af verðmyndun raforku í landinu.
 2. Tryggja að tekjur af hækkun raforkuverðs til orkufreks iðnaðar renni til eiganda auðlindanna, þ.e. þjóðarinnar, og eiga möguleika á að verja almenn-ingur fyrir hækkunum.
 3. Láta sem ekkert sé og einkavæða auðlindaarðinn eins og gert var í sjávarútvegi.
- Samfylkingin er flokkur almannahagsmuna og velur leið nr. 2.

Fermingin og áhugamálin!



fyrir dansara



fyrir íþróttagarpa



fyrir dýravini

Munið fermingarbréfið með afslættinum!

ALLT FYRIR FERMINGUNA Á EINUM STAÐ



GARDHEIMAR

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 20ÁR



Ís 95kr



Svona gerum við

Sýnikennsla í gerð fermingarskreytinga kl. 14.00 og 16.00 á laugardeginum

Um launakjör stundakennara við Háskóla Íslands

Kjaramál

Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður Bandalags háskólanna



Sara Sigurðardóttir
formaður Stúdentaráðs



Á heimasíðu Háskóla Íslands (HÍ) segir: „Háskóli Íslands vill ráða til sín og hafa í þjónustu sinni hæfa, dugandi og heiðarlega starfsmenn sem þykir eftirsóknarvert að starfa við Háskólann vegna þeirra vinnubragða, starfsaðstöðu og starfsanda sem þar er og vegna þeirra launakjara sem þar eru í boði.“

Við Háskóla Íslands starfa um 2.000 stundakennarar sem samlagt sinna um þriðjungi allrar kennslu við skólann. Kennarar með akademískt hæfi voru í lok árs 2009 643 talsins.

Undanfarið hefur verið vakni

athygli á launakjörum stundakennaranna, sem eru vandræðalega slök fyrir jafnmikilvæga og metnaðarfulla stofnun og Háskóla Íslands. Háskólanemi sem starfar við stundakennslu fær greiddar rúmar 1.000 krónur fyrir tímann, en stundakennari með doktorspróf tæplega 1.900 krónur.

Rektor HÍ hefur lýst því, eflaust réttilega, að ekkert svigrúm sé til að leiðrétta þessi slöku laun, enda þótt vilji sé fyrir hendi. Rökin fyrir því eru m.a. aukinn fjöldi nemenda og lækkun fjárfraðslög til háskólans frá hruni.

En hófst vandi stundakennara fyrst við hrun?

Í árbók HÍ 2009 kemur fram að milli árána 2008 og 2009 hafi samdráttur orðið í stundakennslu og það útskýrt með því að sparnaðaraðgerðir og minnkun framboð námskeiða auk fjárveitingar til nýrra stöðugilda hafi létt á þörf fyrir stundakennslu. Samkvæmt þessu virðist HÍ hafa leitast við að draga úr hlutfalli stundakennslu við skólann áður en til niðurskurðar af völdum hrunsins kom. Einstaklingar við stundakennslu árið 2008 voru 2.159.

Launakjör stundakennara samkvæmt einhliða taxta HÍ eru heldur ekki ný af nálinni. Sú staða að ekki sé samið við stéttarfélag um þennan hluta kjara starfsfólks háskólans endurspeglar miklu fremur gamalt fyrirkomulag launalaga sem viðgengust áður en stéttarfélag fengu samningsrétt. Það að láta laun fyrir stundakennslu ekki taka mið af umsömdum kjörum háskólakennara við skólann er því miður ekki nýtt ástand.

Nýverið birti aðildarfélag Bandalags háskólanna (BHM) einhliða taxta til leiðbeiningar fyrir þá félagsmenn sína sem sinna stundakennslu við HÍ. Grunnur þess taxta er einfaldlega fenginn með því að reikna tímakaup út frá umsömdum launum félagsmanna í samræmi við menntun. Munur á þeim taxta og þeim sem HÍ gefur út myndi að sögn rektors HÍ skapa skólanum aukakostnað upp á 400 til 500 milljónir króna árlega.

Það er löngu tímabært að samið verði um launakjör við stundakennara, enda eru þau í hröplegu ósamræmi við önnur kjör háskólamenntaðra og til vansa fyrir Háskóla Íslands. Það er óviðunandi að hægt sé að varpa sparnaði stofnunarinnar yfir á herðar tiltekins hóps starfsfólks með því að halda launum þeirra ódilega lágum. Undirmálstaxti stundakennara er jafnframt til þess fallinn að hvetja til ofnotkunar á því ráðningarfyrikomulagi, enda mikill kostnaðarauki fölginn í því að færa ráðningarmál úr stundakennslu í fast-ráðningu á umsömdum kjörum háskólakennara.

BHM efast ekki um að stundakennarar leggi metnað í sitt framlag til uppfræðslu við HÍ, en þó ber að hafa í huga að óhófleg notkun stundakennslu getur dregið úr heildarsýn, stefnu og samféllu í starfi.

Sjónarmið Stúdentaráðs

Stúdentaráð Háskóla Íslands styður BHM í baráttunni um hærra laun stundakennara við háskólann. Kjör stundakennara eru óásættanleg og verða, af augljósum ástæðum, til þess að hæft og metnaðarfullt fólk mun ekki sækjast í þessi störf af áhuganum einum. Bágar aðstæður stundakennara geta ógnað gæðum kennslu og er því löngu orðið tímabært að rödd stúdentaráðs heyrir. Stúdentaráð háskólans eru neytendur þeirrar kennslu sem í boði er og það er því hagsmunamál þeirra allra að komið verði til móts við þær kröfur sem gerðar eru.

Háskólinn er í allt of miklum mæli rekinn af stundakennslu. Ætli hann að vinna áfram að yfirlýstu markmiði sínu um að teljast til 100 bestu háskóla heims þarf að hlúa betur að innviðum hans, ekki síst hlutfallinu milli kennara og nemenda. Þetta getur háskólinn hins vegar ekki einn síns liðs. Háskóli Íslands er ríkisrekinn háskóli og því nægir ekki að beina spjótunum eingöngu að honum sjálfum.

Vandamál háskólans eru af ýmsum stærðum og gerðum en flest eiga þau það sameiginlegt að grunnur þeirra er skortur á fjármagni. Í öllum þeim niðurskurði sem stjórnvöld hafa gripð til frá hruni hefur háskólinn orðið ansi illa úti og í útvarpsfréttum RÚV þann 23. febrúar síðastliðinn viðurkenndi Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, að framlög til háskólans þurfi að hækka.

Framlög til háskóla hafa vissulega verið skert frá hruni. Þó er ekki hægt að kenna hruninu alfarið um slæm kjör stundakennara eða það hversu stórt hlutfall kennslu við HÍ fer fram á því formi. Stefna stjórnvalda í fjárfraðslögum til skólans þarf að vera skýr, standa þarf vörð um gæði þeirrar menntunar sem stúdentar við Háskóla Íslands njóta.

Food & Fun

Matseðill eftir Michelin-stjörnu matreiðslumeistara!

Matseðill

Humar- og krabbamósaik í sitrónumelishlaupi, með austurlenskum salathjörtum
Pinot Gris - Réne Muré A.C. Alsace - France

Ljós hörpudiskur og tómata crème brûlée með jómfrúarsósu
Pouilly Fuisse - Bouchard Peré & Fils A.C. Pouilly Fuisse - France

Steiktur lambabógur „confit“ og lambahryggur með grænmetis-cannelloni og kryddjurtasafa
Château Paveil de Luze A.C. Margaux - France

Croque-monsieur fourme d'Ambert/Mascarpone


Súkkulaði-Stradivarius með „Pur Caraibes“ súkkulaði, járnjurtasí og ristaðar hnetur
Sawignon Blanc Late Harvest Morande - Chile

Verð 7.400 kr.
Verð með víni 13.300 kr.

**Gjafabréf
Perlunnar**
Góð gjöf við
öll tækifæri!

Vissir þú?

Í ár er matreiðslumeistarinn Philippe Girardon er gestur Perlunnar á Food&Fun. Árið 1993 vann hann Michelin stjörnu og fékk svo titilinn Meilleur Ouvrier de France árið 1997. Hann er mikill Íslandsvinur og hefur tekið þátt í að hjálfa flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimspektu Paul Bocuse keppni.



Vegna yfirlýsingar landlæknis

Heilbrigðismál

Guðmundur Örn Jóhannsson

formaður Framfarar, krabbameinsfélags karla



Þann 23. febrúar sl. sendi landlæknir út yfirlýsingu um að ekki sé mælt með því að mæling á PSA-mótefni í blóði sé notuð til skimunar eftir krabbameini í blöðruhálskirtli. Svo virtist að tilefni þessarar yfirlýsingar væri bréf sem Framför, krabbameinsfélag karla, hafði í hyggju að senda út til að vekja athygli á þeirri miklu vá sem krabbamein í blöðruhálskirtli er og bent á að PSA mæling gæti nýst til að finna þá einstaklinga sem þurfa á nánari skoðun að halda.

Framför fór ekki fram á það í bréfi sínu að hafin væri regluleg, almenn skimun, eins og gert er þegar kemur að brjóstakrabbameini í konum, heldur aðeins benda karlmönnum yfir fimmtugt, á að leita læknis að láta mæla PSA. Ég hef verið búsettur í Englandi og þar segja læknar að karlar eins og ég eigi að láta taka PSA árlega og það er einnig stefna bandarískra heilbrigðisyfirvalda. Hvers vegna ættu íslenskir karlar ekki að njóta sömu læknisþjónustu?

Rök landlæknis eru þau að sé þessi leið farin geti hún leitt til þess að stórir hópar karla fái að óþörfu meðferð sem geti haft í för með sér alvarlegar aukaverkanir, svo sem rístruflanir og þvagleka. Vill þá landlæknir meina að þeir sem þegar hafi farið í aðgerð hafi gert það að óþörfu? Er það ekki hlutverk lækna að meta þörfina á inngripi í sjúkdómsferlinn og gefa þeim sem greinast kosti, eins og a) fylgjast með krabbameininu, breyta um lífsstíl og mataræði og fara reglulega í PSA-mælingu b) fara í geislameðferð eða c) láta fjarlægja blöðruhálskirtilinn?

Finnar og forsetar þeirra

Forsetaembættið

Marjatta Ísberg
kennari



Þegar ég var að alast upp í Finnlandi, skrifuðu börn um stjórnskipan landsins í skólaritgerð sinni:

„Finnland er lýðveldi og er æðsti stjórnandinn Urho Kekkonen sem er kosinn í forsetaembættið á sex ára fresti.“

Nú geta íslensk skólabörn skrifað: „Ísland er lýðveldi og er æðst ráðandi landsins Ólafur Ragnar Grímsson og er hann skipaður í forsetaembættið á fjögurra ára fresti.“

Lengi vel var okkur Finnum talin trú um að enginn annar hefði stjórnvísku og gáfur til að stjórna landinu og forða því frá öllum háska. Svo einn daginn kom maður sem bauð honum birginn, sagði: Ég ætla ekki að taka mark á tiktúrum Kekkonens og hans liðs. Og viti menn, það kom í ljós að Kekkonen var ekki ómissandi. Í sjálfu sér skyldi enginn af hverju þessu hafði verið trúað svo lengi. Í forsetatíð Koivistos, eftirmanns Kekkonens, leið þjóðinni vel og efnahagurinn blómstraði. En Finnar voru líka reynslunni rífkari og breyttu lögunum þannig að enginn einstaklingur getur nú setið lengur en 12 ár í embættinu. Á eftir Koivisto hafa þrjár einstaklingar náð kosningu og virðist þeim öllum hafa gengið vel að höndla hlutverkið sitt.

Enginn er að hvetja til þess að slíkar ákvarðanir séu teknar út frá PSA-mælingum eingöngu, alltaf þarf að koma til nánari skoðun og í framhaldinu mat og ráðleggingar þar til bærri sérfræðinga.

Landlæknir segir að ef blöðruhálskirtilskrabbamein sé að finna í ættarsögu einstaklings sé sjálf-sagt að hann fari í skoðun eftir fertugt. Þessum upplýsingum hefur ekki verið haldið nægilega fram. Ég fékk t.d. aldrei bréf frá einum né neinum um að ég ætti að fara í skoðun þar sem faðir minn fékk krabbamein í blöðruhálskirtilinn. Það var móðir mín

sem hvatti mig til þess og sem betur fer fór ég í tíma. Læknirinn mældi PSA-gildið og sá að það hafði hækkað og óskaði eftir því

snemma gat ég farið í svokallaða innri geislun en það er aðgerð sem drepur krabbameinið innan frá og ég fæ að halda kirtlinum



Ef ég hefði ekki farið í þessa mælingu á þessum tíma, jafnvel dregið hana í nokkur ár, hvar hefði ég staðið þá?

að ég færi í frekari skoðun. Þá kom í ljós að ég var með krabbamein í kirtlinum. Ég var 48 ára. Þar sem meinið uppgötvaðist svo

og lífsgæðunum. Ef ég hefði ekki farið í þessa mælingu á þessum tíma, jafnvel dregið hana í nokkur ár, hvar hefði ég staðið

þá? Hefði krabbameinið aukist? Hefði þurft að fjarlægja kirtilinn? Hefði ég þurft frekari geislameðferð? Hefði krabbameinið dreift sér? Hefði það farið í beinin? Ég get spurt mig þessara spurninga endalaust.

Um 200 konur greinast árlega með brjóstakrabbamein og í mörgum tilvikum hefur regluleg krabbameinsskoðun orðið til þess að það greinist snemma. Við fögnum þeim góða árangri en viljum jafnframt vekja athygli á háum tölum um nýgreinda og dauðsföll af völdum blöðruhálskirtilskrabbameins og ráðum til úrbóta.

GLERAUGU ERU OKKAR FAG



Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

www.opticalstudio.is



Verk úr norrænni goðafræði, dulúðugt landslag og spegilmynd samtímans eru meðal yrkisefna á sýningu listmálarans Einar Hákonarsonar sem verður opnuð í Norræna húsinu á morgun. Einar hefur haldið yfir 40 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um lönd.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457



SPENNANDI
**SJÁVARRÉTTA
TILBOÐ**



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.
Hvítvínssóðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.
Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuduðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

**GEYSIR
Bistro**

Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is

Eyvindur Karlsson, leikstjóri og grínari, eldar indverskan lambkjötsrétt:



Veit fátt betra en að dunda sér í eldhúsinu

Þessi uppskrift er mjög góður grunnur til að gera indverskan mat,“ segir Eyvindur Karlsson, leikstjóri og grínari, um lambkjötsréttinn indverska. „Það er svo auðvelt að fikta sig áfram með hann, ég nota til dæmis alltaf meira chili en hér er gefið upp, hef notað annars konar hnetur og önnur krydd og svo framvegis. Meira að segja eldað hann með fiski í stað lambkjöts-

ins. Þessi réttur er líka fljóteldaður, miðað við indverskan mat, tekur ekki nema svona einn og hálfan tíma með öllum undirbúningi.“

Eyvindur er mjög hrifinn af indverskum mat og segist hafa verið það síðan á unglingsárum. „Undanfarin ár hef ég svo verið að æfa mig í að elda hann og tekst bara vel.“

Eyvindur býr í Hafnarfirði með konu sinni og tveimur sonum

og hann segist yfirleitt sjá um eldamennskuna á heimilinu. „Ég reyni yfirleitt að vera kominn heim þegar strákarnir koma úr leikskólanum og þá finnst mér notalegt að vera að dunda mér í eldhúsinu á meðan þeir dunda við eitthvað annað. Það er mín eftirlætis leið til að verja eftirmiðdögnum.“

fridrikab@frettabladid.is

FRAMHALD | 2



Heilsuréttir Nings

Freyja Sigurðardóttir hugsar vel um strákana sína, enda vel að sér um næringu og heilsu. Freyja er margfaldur Fitnessmeistari og einkabjálfi, hún velur heilsurétti Nings.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Þeir innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

NINGGS

Suðurlandsbraut 6
Stórhöfða 17
Hlíðasmára 12
Sími 588 9899
www.nings.is





Mathias Susaas Halvorsen píanóleikari spilar verk eftir Mozart, Schumann og Poulenc á Gljúfrasteini sunnudaginn 3. mars klukkan 16. Aðgangur er 1.000 krónur og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Vínafélag Gljúfrasteins stendur fyrir tónleikunum.

Drakúla kann að þegja

Hann er ýmist kallaður Kúli, Kúli kúl, Skúli eða Jón Múli, en heitir Drakúla og ætlar sér stóra hluti í óperuheiminum þótt ferfættur sé. Úr sviphreinu andlitinu skín stjörnuljómi ósvikins óperuhunds sem landaði hlutverki í La bohème, en þar réði úrslitum hversu vel hann hafði hemil á spangóli sínu.

„Það var óskað eftir Drakúla litla í áheyrnarprufu fyrir hlutverk í La bohème og eðlilega mikið átak fyrir lítinn hund og eiganda hans, en við slógum til og ekki annað að sjá en að Drakúla kynni strax vel við sig á stóra sviðinu í Eldborg,“ segir Viðar Eggertsson, leikhússtjóri Útvarpsleikhússins á RÚV og eigandi kjölturakkans. Drakúla hefur hreppt hlutverk í óperunni La bohème eftir Puccini sem Íslenska óperan frumsýnir í Hörpu 16. mars næstkomandi.

Viðar segir að svo heppilega hafi viljað til að Drakúla hafi átt pantaðan tíma hjá dýralækni vegna hreinsunar á tannsteini sama dag og því mætt til leiks með Hollywood-bros á vör.

„Eða eins og leikstjórinn orðaði það þegar hann leit augum þann merkilega hund sem Drakúla litli er, að vissulega væri hundurinn ekki í áheyrnarprufu fyrir hlutverkið, heldur Óperan í áheyrnarprufu hjá Drakúla. Því væri nauðsynlegt að prófa hvernig litlu stjörnunni líkaði fólk í risastórri sýningunni, með 33 manna barnakór, 40 manns í kór fullorðinna, 15 einsöngvara, 45 manna sinfóníuhljómsveit, lúðrasveit og sirkusflokk; en það gerir einn hund sem kann að þegja og 138 manns með hávaða og læti,“ útskýrir Viðar og hlær dátt.

Fljótt kom á daginn að Drakúla líkaði bæði óperan og listafólkið vel, og hændist mjög að söngkonunni Herdísí Önnu Jónasdóttur sem mest mun leika á móti Drakúla í sýningunni.

„Innkoma Drakúla verður stutt en örugglega ógleymanleg. Svo er spurning hvort hlutverkið stækki ekki bara með tímanum? Það kæmi mér í sjálfu sér ekki á óvart að leikstjórinn sæi sér leik á borði með jafn óviðjafnanlegan hund á sviðinu,“ segir Viðar glettinn.

Fyrirhugaðar eru sex sýningar á óperunni, en ekki hefur verið rætt um launatölur við Drakúla.

„Drakúla er enginn efnishyggjuhundur og ekki verið rætt um önnur laun okkar á milli en það hundanamma sem honum þykir best. Því eru litlir harðfiskbitar mestu og bestu verðlaun sem Dra-



Viðar Eggertsson með Drakúla nýklyptan og tannsteinshreinsaðan fyrir sviðsljósið. Viðar nefndi hundinn Drakúla eftir að hafa sjálfur leikið blóðsuguna í leiksýningum á Akureyri og í frskri útfærslu í Dyflinni.

FRÉTTABLAÐID/GVA

kúla getur fengið. Hann hefur hlotið gott uppeldi og veit að hann fær ekki slíkt nema hafa staðið sig vel, og það kemur sér vel í þessu tilviki,“ segir Viðar.

Drakúla er af tegundinni Yorkshire Terrier og rúmlega fimm ára, sem telst um fertugt í mannsárum. „Hann er afskaplega vel á sig

kominn, líflegur, fallegur, hlýðinn og góður. Svo fer alveg að verða spurning um að stofna sérstakan dýraflokk á Grímuvörðlaunum, því nú leikur annar hundur stórt hlutverk í Galdrakarlinum í Oz og páfagaukur í Gulleyjunni. Því gæti komið til harðrar keppni á Grím- unni að vori.“ thordis@frettabladid.is

VORTILBOÐ Í ÞRÍJA DAGA

FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS

1. – 3. MARS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Í Tösku- og hanskabúðinni má finna mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla- og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt. Þú getur litið við í verslun okkar eða einfaldlega farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er á aðgengilegan hátt að skoða úrvalið og gera góð kaup!



Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst í dag 2 mars



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414

HEIMILI



Sölufulltrúar:

Jóna María

jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan

brynjadan@365.is 512 5465

Snorri

snorris@365.is 512 5457

Framhald af forsiðu

INDVERSKUR LAMBAKJÖTSRÉTTUR

Sterkt og hressandi **FYRIR 4**

600 gr. lambakjöt, skorið í teninga
3 meðalstórir laukar
Olía til steikingar
4 heilar kardimommur
5 negulnaglar
1 kanilstöng
7-8 svört piparkorn
Um 3 cm engiferrott, röspuð
5-6 hvítlauksgeirar, maukaðir
1 msk. kóríanderduft
1 ½ tsk. chiliduft
Salt eftir smekk
½ bolli jógúrt
1 bolli vatn
¼ kasjúhnetumauk (Ég set bara hnetur og slettu af olíu í matvinnsluvél og mauka hressilega saman)
1 tsk. garam masala kryddblanda
½ bolli rjómi

Skerið lambið í litla teninga, tommu eða svo. Hitið olíu á pönnu. Þegar olían er orðin heit fara kardimommur, negulnaglar, kanill og svartur pipar út í, og er steikt þar til ilmurinn fyllir eldhúsið.

Laukunum er bætt við og hann brúnaður lítillega.

Þá fer engiferið og hvítlaukurinn út í og þetta er steikt í mínútu enn.



Hrærið stöðugt svo maukið festist ekki við pönnuna.

Bætið lambabitunum við og steikið á háum hita í 3-4 mínútur. Hrærið stöðugt.

Bætið við kóríanderdufti, chilidufti og salti. Steikið í 2-3 mínútur enn.

Bætið við jógúrt og einum bolla af vatni. Látið suðu koma upp.

Lækkið hitann, setjið lok á pönnuna og eldið þar til lambabitarnir eru orðnir meyrir.

Bætið við kasjúmauki og garam masala dufti.

Þetta er látið malla í fimm mínútur til á meðalháum hita.

Rjóma er bætt við og blandað vel saman.

Látið krauma í tíu mínútur. Skreytið með fersku kóríander. Berið fram heitt.

Þetta er langbest með hrísgrjónum, góðu naan-brauði (heimabakað er auðvitað best) og þurru rauðvíni eða millidökkum bjór.



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn – og svaraðu nú!

Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16. Njótíð vel

2. MARS 2012

Lífið

FLOTTAR Á
FRUMSÝNINGU

BARN Í VÆNDUM

DRESSIN Á LÚÐRINUM

**SPYRILL
GETTU BETUR**

SETUR SÉR REGLULEGA
NÝ MARKMIÐ



HORFIR TIL BESSASTAÐA

ELÍN HIRST RÆÐIR ÖMMUHLUTVERKIÐ, LJÓNIN Á
VEGINUM ÞEGAR KEMUR AÐ FORSETAFRAMBOÐI,
FRAMTÍÐINA Í FJÖLMÍÐLUM OG GÓÐGERÐAMÁLIN SEM
HÚN VINNUR ÖTULLEGA AÐ.

FRÉTTABLAÐIÐ



Lífið er á Vísí – visir.is/lifid

HVERJIR VORU HVAR?

Hver glæsikonan eftir aðra hljóp til styrktar einstökum börnum nú í vikunni. Átakið var á vegum Evu Maríu Jónsdóttur. Þar voru fjölmiðlakonurnar **Júlia Margrét Alexandersdóttir** og Marta María Jónsdóttir sem hljóp 10 kílómetra þrátt fyrir snúinn ökkla. Gaman var að sjá hve mörg börn tóku þátt í hlaupinu.



Árleg afhending íslensku auglýsingaverðlaunanna, Lúðurinn, voru veitt í Hörpunni með glæsibrag á föstudaginn þar sem ljósmyndarinn Ari Magg og kona hans Auður Karítas stílisti, Þormóður Jónsson eigandi Fiton, útvarpsmaðurinn **Auðunn Blöndal**, Hólmfríður Einarsdóttir markaðsstjóri Íslandsbanka og **Birna Rún Gísladóttir**, sem á von á barni í sumar, voru á meðal gesta.



BARN Í VÆNDUM



HARPA ÞÓRUNN PÉTURSDÓTTIR
GJÚGG Í BORG :)



FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Glæsikonan Harpa Þórunn Pétursdóttir, lögfræðingur hjá Orkustofnun, og Júlíus Kemp leikstjóri eiga von á barni í ágúst.

Þau tilkynntu gleðifréttirnar á Facebook á dögnum við mikla gleði vina og vandamanna.

Saman eiga þau fjögurra ára son en einnig á Júlíus tvo syni úr fyrra sambandi og því óhætt að segja að þau eigi barnaláni að fagna.



CHLOÉ OPHELIA

BABY ON BOARD!!!!



MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Chloé Ophelia og Árni Elliott sem búa í Marseille í Frakklandi um þessar mundir þar sem þau starfa og læra, eiga von á sínu fyrsta barni en þau hafa verið þar um árabíl.

Þetta var besti dagurinn í lífi okkar," segir Chloé um daginn þegar þau komust að því að þau ættu von á barni.

„Við hlökkum alveg ofsalega til og ég ætla að njóta meðgöngunnar sem allra best.“

Spurð um heilsuna segir hún hana ekki geta verið betri!

Chloé og Árni eiga von á frumburðinum í ágúst. *Lífið óskar þórum þremur hjartanlega til hamingju!*

Lífið

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Umsjón Elly Ármannar elly@365.is og Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Forsíðumynd Stefán Karlsson

Útlitshönnun Arnór Bogason

Förðun og hárlínar: Vigdís Margrétar Jónsdóttir.

Fatnaður Elínar: Verslunin Eva.

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigrurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

HEIÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR

Mun klárlega halda mikið upp á árið 2011, en fátt mun toppa 2012 :) Held líka að ég verði að fresta „come-backinu“ um eins og eitt ár þar sem ég efast um að ég fái mörg stig svona framstæð eins og ég verð orðin í apríl.



Ein farsælasta fitness-kona landsins, Heiðrún Sigurðardóttir, sem á að baki fimm Íslandsmeistararitla í fitness, 8. sæti á EM, 10. sæti á HM og svo mætti lengi telja, býr sig nú undir móðurhlutverkið en hún á von á sér í júní. Hún segir óléttuna hafa komið mjög á óvart en að hún og kærastinn, Sævar Þór Rafnsson, hafi tekið henni fagnandi. „Þetta er án efa besta tilfinning sem ég hef upplifað og finnst alltaf jafn skrytið að hugsa til þess að inni í mér vaxi og dafni nýtt líf. Og það besta er að ég hef ekki fundið fyrir neinum einkennum; hvorki ógleði, þreytu, né æði fyrir einhverju skrítnu eins og margar konur upplifa. Enda átti ég mjög bággt með að trúá þessu og tók nokkrar þungunarprufur til að vera viss.“

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?


Heilsulausnir henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Hefst 12. mars

Kynningarfundur 7. mars kl. 20:00

Allir velkomnir

Að námskeiðinu standa m.a. læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkrapjálfarar, næringarfræðingur, íþróttfræðingur og sálfræðingur.



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Lífið hitti Maríu Birtu Bjarnadóttur og Þorvald Davíð Kristjánsson sem eru á meðal leikara í aðalhlutverkum í kvikmyndinni Svartur á leik sem var frumsýnd í gærkvöldi.

REIF KJAFT Í PRUFUNNI

Hvernig kom það til að þið fenguð hlutverkin í myndinni? „Mér var boðið að koma í prufu, sem og ég gerði og svo var ég boðuð í aðra prufu vikunni seinna og beint eftir hana bauð Óskar Þór Axelsson leikstjóri mér hlutverkið en ég leik Dagnýju, sem er fyrrverandi fegurðardrottning, sem hefur leiðst inn í undirheima Reykjavíkur,“ svarar María Birta.

„Það kom þannig til að Óskar kallaði mig í prufu í New York þegar hann var sjálfur staddur þar í námi. Ég fór í prufuna til hans fyrir annað hlutverk í myndinni en fékk síðan hlutverk Stebba sækó í kjölfarið. Ég las bókina fyrir prufuna og þótti hún spennandi.“

Purftir þú að rífa kjaft í prufunni, Þorvaldur? „Já, þetta var mikið slangur en karakterinn Stebbi sækó er ekki grjótharður gæi.

Hann er gæi sem kemur að vestan og fer ranga leið í lífinu af því að hann á erfitt með að segja nei en Tóti æskufélagi hans frá Ólafsvík dregur hann inn í ákveðið sendlastarf.“

María Birta, hvað ráðleggur þú fólki sem vill leika í bímyndum eins og þú? „Það er erfitt fyrir mig



Leikararnir María Birta og Þorvaldur Davíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að gefa mörg ráð, en það skiptir máli að vera opinn, hreinskilinn og óhræddur í prufum, svo ef þér


býðst að koma í prufu, gerðu bara þitt besta,“ segir María áður en þau rjúka bæði í fleiri viðtöl.



Skemmtileg hönnun
á skemmtilegu verði

HAY

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



HAMINGJUHORNIÐ



Þórey Vilhjálmsdóttir framkvæmdastjóri borgarstjórnar-flokks Sjálfstæðis-flokksins

Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku? Að fara út að hlaupa er ein sú besta leið sem ég þekki til að draga úr stressi og streitu, skemmtilegast er að hlaupa með góðri vinkonu og fara yfir það helsta sem á daga okkar hefur drifið í leiðinni. Ég slappa þó alltaf best af þegar ég er í faðmi fjölskyldunnar og ég tala nú ekki um ef við förum í Skorradalinn í sumarbústað foreldra minna, þar er yndislegt að vera.

Hvernig hleður þú batteriín? Golfið er ómissandi á sumrin, golfhringur í lok vinnudags er frábær hugleiðsla og fyllir á súrefnistankinn í leiðinni. Jóगतími í Yogashala hjá Ingibjörgu vinkonu minni er allra meina bót og hefur oft bjargað minni líkamlegu og andlegu heilsu. Nú ef ekki gefst tími til að nota neina af ofangreindum aðferðum er það bara góð öndunaræfing áður en stigið er inn á heimilið til þess að skilja nú örugglega vinnuna eftir fyrir utan.

Hugleiðir þú eða notast þú við aðrar aðferðir til að rækta hugann? Er tiltölulega nýbyrjuð að stunda hugleiðslu markvisst og stefni að því að þjálfa mig enn frekar í þeirri list.

Viltu deila með okkur uppáhalds hamingjukvóti? Sá neikvæði sér erfiðleikana í öllum tækifærum. Sá jákvæði sér tækifærin í öllum erfiðleikum. Brahma Kumaris.

AUGLÝSING: Saints kynnir Kringlunni og Smáralind



Til í 3 litum, svart, drappað og beinhvítt.
st. 36-40
verð: 9.990
Fást í Kringlunni og Smáralind.



Til í 2 litum gulur og appelsínugulur
st. 36-40
verð: 9.990
Fást í Kringlunni og Smáralind.



SOFFÍA JÓHANESDÓTTIR



ESTER ÓLAFSDÓTTIR



ARNA PÉTURSDÓTTIR

Rýmingarsala

og allt á að seljast

50%
afsláttur af öllu

Lokum kl 5 á laugardag!



MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

Te og tesett

TILBOÐ

Margskonar te við:

- orkuleysi
- svefnleysi
- hægðartregðu
- grenningu
- minkun kolesterols o.fl. o.fl.



2012

ÁR DREKAN SKEIFAN 3J | Sími 553 8282 | www.heilsudrekkinn.is

FLOTTAR Á FRUMSÝNINGU

Frumskýning bíómyndarinnar Svartur á leik fór fram í Smárabíói í gærkvöldi. Margt var um manninn og gestir í sínu fínasta þússi.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR



MARÍA BIRTA

MARGRÉT ERLA MACK



DÓRA BJÖRG MARINÓSDÓTTIR

SIGRÍÐUR SÓL BJÖRNSDÓTTIR



SÉRHANNAÐ FYRIR
KONUR



Sex sérhannaðar línur fyrir slétt -, ljóst og dökkt hár, krullur, raka og lyftingu



SÉRHANNAÐ FYRIR
SÍTT HÁR



Gefur góðan raka og nærir endana vel



SÉRHANNAÐ FYRIR
KARLMENN



Hentar karlmönnum á öllum aldri



Fylgstu með okkur á [facebook.com/trevorsorbieiceland](https://www.facebook.com/trevorsorbieiceland) þar sem þú færð góð ráð, ítarlegar upplýsingar um vörurnar og jafnvel óvænta glaðninga



Hannað af hinum heimsfræga og margverðlaunaða hárgreiðslumeistara Trevor Sorbie, á verði sem kemur á óvart.

Sölustaðir Trevor Sorbie:
Apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, og Samkaup.



TREVOR SORBIE
professional

© 2014



”

Það eru hins vegar ýmis ljón á veginum. Fyrsta ljónið er núverandi forseti. Ætlar hann að gefa kost á sér í fimmta sinn eður ei.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GOLDEN GLOBE
BESTI DRAMAÞÁTTURINN 2012
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

HOMELAND

HEFST Á SUNNUDAG KL. 21.05 Á STÖÐ 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

skemmt/leggt

HORFIR TIL BESSASTAÐA

Elin Hirst gefur sér góðan tíma til að sinna ömmuhlutverkinu með eins árs gamalli sonardóttur sinni, Margrétu Stefáníu Friðriksdóttur Hirst, ásamt því að huga að góðgerðamálum og framtíðinni. Þá rifjar hún upp eftirminni- leg atvik á þrjátíu ára löngum farsælum fjölmiðlaferli.

ELÍN STEFÁNSDÓTTIR HIRST

ALDUR: 51 ára

STARF: Sjálfstætt starfandi fjölmiðla- kona.

MENNTUN: BA í blaðamennsku, MA í sagnfræði.

MAKI: Friðrik Friðriksson, hagfræðingur og sjónvarpsstjóri Skjásins.


BÖRN: Friðrik Árni Friðriksson Hirst, lögfræðingur hjá lögfræðistofunni Juris en kona hans er Vigdís Margrétar Jónsdóttir. Stefán Hirst Friðriksson, stjórn málafræðinemi og íþróttarfrétta- maður á visir.is. en kærastan hans heitir Guðrún Valgerður Þórarinsdóttir.

LÍFSSTÍLL: Ég reyni að borða hollan mat, mikið grænmeti, drekka mikið af vatni, hreyfa mig mikið og fara alltaf snemma að sofa.

Nú styttist í 30 ára starfsafmæli þitt sem fjölmiðlamaður. Ef þú lítur um öxl og skoðar fjölmiðla- feril þinn í nokkrum orðum? Ég hef gegnt ábyrgðarstöðum, störfum varafréttastjóra og fréttastjóra, bæði á fréttastofu Stöðvar tvö og Bylgjunnar og á fréttastofu Sjónvarpsins. Auk þessa hef ég framleitt framleitt einar fimm sögulegar heimildarmyndir sem sjálfstæður framleiðandi og einnig heimildarmyndir um önnur efni s.s. börn með Downs-heilkenni og fleira. Ég hef einnig verið fréttapular á þriðja áratug og því tíður gestur á heimilum fólks, enda heilsa mér margir eins og gömlum og góðum vini. Það er notalegt.

Framhald á síðu 8

Flott í vor



Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar



20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

Nýtt og enn öflugra

System + fyrir dömur og herra

kr. 29.995,- ►



System+ dömupakki - belti + buxur verð kr. 39.995 -

Náðu enn meiri árangri
með meiri brenslu



THERMOBOL
Vinsælasta fitubrensluefnið okkar er örugg og náttúruleg samsetning af m.a. L-carnitine, grænu te og B-vítaminblöndu og er núna komið án koffíns. 90 hylki kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 9.990

PROMAX DIET
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brensluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. 1,2 kg

kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Framhald af síðu 6

Hvað stendur upp úr þegar þú lítur til baka? Það sem stendur upp úr er skemmtilegur og skapandi starfsferill með hæfileikaríku og flottu fagfólki. Ég hef kynnst þvillíku úrvalsfólki í gegnum störf mín á fjölmiðlunum sem myndi sóma sér vel hvar sem væri í heiminum. Ég sá þetta best þegar ég vann með teymi frá bandaríska fréttaskýringaþættinum 60 mínútur frá CBS í tengslum við eldgosíð í Eyjafjallajökli en Þorvarður Björgúlfsson, eigandi kvikmyndafyrirtækisins Kukls, sá um þá heimsókn og ég aðstoðaði hann. Íslenska sjónvarpsfólkið í þeim leiðangri var í heimsklassa, og þarna vorum við að vinna með heimsmeisturinum í sjónvarpsþáttagerð ef svo má að orði komast.

Áttu eftirminnilegt augnablik á skjánum sem þú vilt deila með okkur? Ég held að það erfiðasta sem ég hef upplifað sé þegar við fluttum Sjónvarpið af Laugavegi 176 upp í Efstaleiti árið 2000. Við tókum um leið í gagnið nýtt útsendingakerfi sem stríddi okkur mikið fyrstu vikurnar. Eitt kvöldið sem oftast var ég fréttapúllur og ég held að ég hafi verið meira og minna á skjánum í 30 mínútur að biðja fólk afsökunar og biðja það um að hafa biðlund því nýja kerfið var kolstíflað og engar fréttir birtust á skjánum. Þetta var mikil þolraun og mig langaði mest að skríða undir fréttaborðið og fela mig.

Lá alltaf fyrir að fara í fjölmiðla? Nei, alls ekki. Ég byrjaði í viðskiptafræðni en leiddist námið og hætti eftir eitt ár og kom mér til útlanda í háskóla. Það var gríðarlega mikilvæg lífsreynsla fyrir mig að fara til útlanda í nám rúmlega tvítug og brjóta allar brýr að baki mér því foreldrum mínum leist ekkert sérlega vel á blikuna í fyrstu, en svo skilaði ég mér heim með háskólagráðu, þeim til mikils léttis, auk þess sem ég hafði kynnst hinum stóra heimi og lært að standa á eigin fótum, og ég hef búið að því alla tíð.

Hvaða lærdóm hefurðu helst dregið af reynslu þinni í fjölmiðlum? Pólitík er eitru inni á fjölmiðlum. Þá á ég við bæði flokkapólitík, eigendapólitík eða aðra sérhagsmunapólitík. Fréttastofur eru ekkert annað en fólk sem þar starfar. Því eru stöðug opin skoðanaskipti, gagnrýni á fréttamat og vinnubrögð lífsnauðsynleg inni á hverri fréttastofu sem vill kallast hlutlæg. Óflugar fréttastofur sem fara að líta of stórt á sig og gleyma þessu eru hættulegar fyrir lýðræði og tjáningarfrelsið í landinu. Hvað Ríkisútvarpið varðar hef ég áhyggjur af því að verið sé

að gera það of háð valdhöfunum, en fjármunir til þess eru í raun skammtaðir úr fjármálaráðuneytinu nú um stundir. Gömlu afnotagjöldin voru að mörgu leyti skárra kerfi og tryggðu betur fjárhagslegt sjálfstæði RÚV.

Ertu hætt í fjölmiðlum? Nei, hreint alls ekki.

Hefur þú upplifað það að vera þekkt á Íslandi? Já, nokkrum sinnum. Helst var það þegar ég fór á skemmtistaði, en ég hætti því bara. Þá vildi fólk fara að ræða um ýmsa persónulega hluti eins og hvernig ég klæddi mig og hvernig hárið á mér væri. Mér fannst þetta mjög óþægilegt.

Hvernig upplifun er það að vera kona sem hefur klifið metorðastigann? Æ, mér finnst þessi metorðastigi ósköp mikið hjóm. Það eina sem ég vil er að láta gott af mér leiða og fá að starfa í friði við það sem mér finnst skemmtilegast og geri best. Ég hef enga sérstaka þörf fyrir að ráða og stjórna, en axla auðvitað þá ábyrgð sem mér er falin með glöðu geði, ef ég á annað borð tek að mér slík verkefni.

Hvernig hefur gengið að tvinna saman álagsvinnu og uppeldi barna þinna? Ég var oft þjökuð af samviskubiti gagnvart börnunum mínum þegar þau voru lítil. Vinnan var svo krefjandi og vinnutíminn svo ófjölskylduvænn, fram á kvöld og um helgar. Ég held hins vegar að ég hafi verið góð mamma og naut þess að vera með sonum mínum í öllum mínum frístundum. Við höfum alltaf verið miklir vinir og mjög samrýmd og ég man að ég skrapp oft í hádegina og við fórum til og fengum okkur pitsu eða hamburgara til að stytta daginn.

Nú ertu orðin amma – hvernig tilfinning er það? Það er mjög góð tilfinning. Sonardóttir mín heitir Margrét Stefánía Friðriksdóttir Hirst og er eins árs. Við erum miklar vinkonur og oft að bralla eitthvað saman. Við kubbum mikið, púslum og lesum. Dýrin í Hálsaskógi eru í miklu uppáhaldi hjá okkur um þessar mundir en Margrét er stundum svolítið hrædd við Mikka ref. Við erum oft mjög menningarlegar og förum til dæmis í barnadeildina í Borgarbókasafninu og dundum okkur. Um daginn fórum við og skoðuðum Alþingi og Dómkirkjuna og svo vorum við teknar tali á Austurvelli af sjónvarpsmönnum sem voru að spyrja okkur um einhver bankahrunsmál. Margrét Stefánía er því orðin mjög meðvitaður þjóðfélagsþegn aðeins árgömul. Margrét Stefánía er líka svo heppin að eiga afa sem er mjög duglegur að passa hana og yndislega móðurömmu og afa sem bera hana á höndum sér.

Hvað gerið þið fjölskyldan helst

UPPÁHALDS

Dekur: Að sofa út.

Líkamsrækt: Að fara út að labba með 50 kílóa hundinn minn, helst klukkutíma á dag, og hafa taumhald á honum. Það er mjög góð líkamsrækt.

Veitingastaður: Austur Indíafélagið.

Verslun: Nostalgía skipar sérstakan sess hjá mér eftir að ég keypti þar notaða kápu úr kálfskinni, sem er einhver fallegast flík sem ég á og kostaði aðeins 15 þúsund krónur. Annars er ég líka mjög hrifin af Evu og Zöru. Ég hef hins vegar keypt lítið af fötum eftir hrun, enda nóg úrval af flottum sjónvarpsdressum í fataskápnunum hjá mér, eftir öll þessi ár í sjónvarpi.

Hönnuður: Mundi, að sjálfsögðu, eftir að ég klæddist kjól frá honum á Eddunni sem var svo fallegur.



SOHO MARKET



saman í fríum? Við förum á skíði og göngum á fjöll með hundinn á sumrin. Ég er mjög hrifin af gönguskíðum en ég er líka þokkaleg á svigskíðum.

En hvað gerir þú til að rækta sjálfa þig? Stunda jóga og hreyfi mig.

Nú varstu stödd á Ísafirði í vikunni – hvað ertu að takast á við þessa dagana? Það er leyndarmál hvað ég var að gera á Ísafirði, en kemur í ljós í haust. Annars er ég að skipuleggja fleiri fjölmiðlanámskeið fyrir konur sem vilja auka færni sína í að fara í sjónvarpsviðtöl. Ég er búin að fara í gegnum svona námskeið með fimmtíu konum frá áramótum, læknum, prestum, verkfræðingum, lögfræðingum og endurskoðendum. Námskeiðið er fyrir konur því ég vil stuðla að því að auka þátttöku kvenna í opinberri umræðu. Mér finnst of fáar konur tilbúnar að tjá sig og það vil ég laga. Við eigum svo margar frábærar konur á öllum sviðum samfélagsins. Ég held að margar okkar séu með fullkomunaráráttu

og við óttumst að standa okkur ekki nógu vel ef við gefum kost á okkur í sjónvarpsviðtöl. Það eru óparfa áhyggjur en oft þarf bara eitt kvöldnámskeið til að yfirvinna þennan ótta. Þá er ég að undirbúa ásamt fleira góðu fólki, þar á meðal konunum í Á Allra vörum, LSH, Umhyggju og RÚV að hleypa af stað stórrí landssöfnun í haust til að opna miðstöð sem aðstoðar veikustu börnin okkar í landinu, börn með sjaldgæfa, alvarlega, langvinna sjúkdóma, sem sum þurfa öndunarfél til að geta lifað. Þetta eru um 50 börn hér á landi en þessi hópur hefur stækkað mikið á síðustu tíu árum. Börn með slíka sjúkdóma lifðu ekki af áður fyrr en gera það í dag, en eiga afar erfið líf sem og fjölskyldur þeirra. Þetta er verkefni sem brennur á okkur árið 2012 að mæta þörf sem nú er brýn að hlúa betur að allra veikustu börnunum okkar. Ég er reyndar í fleiri slíkum verkefnum, til dæmis á vegum Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Svo í dag fer dágóður tími hjá mér í hverri viku í



margir vina okkar eru þekktir sjálfstæðismenn. Ég á mig sjálf.

Nú ert þú ein þeirra kvenna sem nefnd hefur verið á nafn í forsetaumræðunni – að öllu gamni slepptu, er það eitthvað sem þú getur raunverulega hugsað þér að skoða? Já, það get ég. Það eru hins vegar ýmis ljón á veginum. Fyrsta ljónið er núverandi forseti. Ætlar hann að gefa kost á sér í fimmta sinn eður ei. Hann stóð illa eftir hrúnið, og tengsl hans við almenning höfðu beðið skaða, en svo hefur hann náð aftur sambandi við fólkið í landinu til dæmis með því að efna til þjóðarat-

kvæðagreiðslu um Icesave-samninginn. En að mínum dómi er þetta orðið ágætt eftir sextán ár í embætti. Það þarf að hleypa frískum vindum inn á Bessastaði. Fleiri ljón eru á veginum fyrir hugsanlega forsetaframbjóðendur. Kostnaður við slíkt frambóð er óheyrlægur og fjármálin voru frambjóðendum árið 1996 þrautin þyngri. Síðast en ekki síst er afar óljóst um stöðu forseta Íslands í framtíðinni vegna boðaðra stjórnarskrárbreytinga. Hvað mig sjálfa snertir þá hef ég ekki hugmynd um hvort ég hefði eitthvað fylgi meðal kjósenda, en það er að sjálfsgöðu lyklatríði. Ég gef því

minni líkur en meiri að ég verði næsti húsráðandi á Bessastöðum, segir Elín og kímir.

Hvaða áherslur leggur Elín Hirst forseti Íslands á? Ég vil færa forsetaembættið nær fólkinu í landinu þar sem forsetinn yrði fremstur á meðal jafningja sem ynni með þjóðinni að hinu góða hverju nafni sem það nefnist. Svo einfalt er það. Allt annað yrðu praktísk úrlausnarefni með þetta meginþema.

Hverjar eru þínar fyrirmyndir og af hverju? Forfeður mínir sem þorðu að taka þá áhættu að flytja til Vesturheims með fjögur ung börn í leit

að betri lífskjörum, sem þeim tókst. Þetta fólk sem ekkert átti var líka annálað fyrir góðmennsku, gjafmildi og hjálpssemi við þá sem þurftu á að halda.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár? Ætli við Margrét Stefania verðum ekki að bauka eitthvað skemmtilegt saman með hinum barnabörnunum sem þá hafa bæst í hópinn.

Eitthvað að lokum? Já, þú vilt að ég nefni einhverja speki og í því sambandi er ég mjög hrifin af því sem Albert Einstein sagði: að árangur væri 1% snilli og 99% vinna. Þetta finnst mér afar gott veganesti í lífinu.

Bodrum hefur slegið í gegn!



Tyrkland

í allt sumar!

Bókaðu strax og tryggðu þér
10.000 kr. afsl.
á mann á völdum
dagsetningum
Gildir til 10. mars



Skráðu þig í netklúbb
Heimsferða á heimsferdir.is

Bókaðu beint á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

sjálfboðastörf tengd mannúðarmálum, sem er mjög gaman og gefandi. Einnig er ég að ljúka við gerð heimildarmyndar um stofnfrumur ásamt Ásvaldi Kristjánssyni kvikmyndagerðarmanni sem er afar spennandi og skemmtilegt verkefni.

Þú varst viðloðandi pólitík fyrir allmörgum árum hjá Sjálfstæðisflokknum, geturðu hugsað þér að fara aftur í pólitíkina? Nei, ég hef aldrei verið í pólitík, nema að ég slysaðist inn í stjórn Heimdallar þegar ég var rúmlega tvítug en var fljót að hætta þar vegna starfa minna sem blaðamaður. Flokkapólitík og hagsmunagæsla í tengslum við hana fer í raun mjög gegn mínu eðli. Ég hugsa eins og fréttamaður, vil alltaf skoða allar hliðar, þess vegna valdi ég líka fréttamennsku sem ævistarf. Það fer oft í taugarnar á eiginmanninum sem er mjög pólitískur og mikill sjálfstæðismaður hvað ég læt illa að stjórn. Samt hefur sá stimpill loðað við mig alla tíð að ég sé eldheitur sjálfstæðismaður, líklega af því að

Á sama stalli



SÖNNIS & SÖNNIS - 2012 - 314

» Hönnun líttala virðist oft einföld á yfirborðinu en reynist margslungin við nánari athugun. Essence glösin eftir Alfredo Häberli eru gott dæmi um þetta: Fallega úthugsuð og einföld en um leið svo unaðslega þægileg. Glösin hafa öll jafn stóran stall, sem gefur línunni einstakt samræmi og stöðugleika. Essence glösin draga fram það besta í fari vinsins.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán-fös 10-18, lau 11-17 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is

ATHAFNAKONAN

Hver er konan? Þórdís Jóhannsdóttir heiti ég og er 28 ára gömul, móðir tveggja barna, Sævars Más, 8 ára og Ingu Dísar, 4 ára.

Starf? Í dag starfa ég hjá Barna- og fjölskylduljósmyndum í Kópavogi. Hlutverk mitt er að fylgjast með rekstri fyrirtækisins og sjá til þess að við höfum nóg að gera. Þar kemur margt fólk sem gaman er að hitta og mikið skemmtilegt um að vera.

Bakgrunnur/menntun? Ég er verkfræðingur að mennt. Lauk B.Sc.-námi í iðnaðarverkfræði 2007 og M.Sc. í iðnaðarverkfræði 2011 við Háskóla Íslands. Ástæðan fyrir því að ég valdi verkfræði umfram annað nám var sú að mér var tjáð að þá væru mér allar leiðir færar og ég gæti starfað við hvað sem er í framtíðinni. Það er svo sannarlega rétt. Í náminu lagði ég áherslu á nýsköpun, framleiðsluferli og stjórnun.

Draumaverkefnið? Spunadís er litla draumaverkefnið mitt – það stendur fyrir hálsmen, kraga og fylgihluti sem ég hanna til að festa á kjóla og aðrar fallegar flíkur.

Hvaðan kemur nafnið Spunadís? Það er allt fullt af dísunum í kringum mig. Við erum dísir í fjóra ættliði og það kom ekki annað til greina en bæta einni í hópinn. Það var svo ein vinkona mín, sem mér þykir vænt um, sem kom strax með nafnið Spunadís, enda er hönnunin spunnin áfram hverju sinni. Ég þurfti ekki að hugsa mig lengi um.

Af hverju varð svona hönnun fyrir valinu? Ég hafði um nokkurt skeið hannað og saumað þæfðar ullarvörur með mömmu minni. Mamma er sérstaklega nákvæm og vandvirk. Hún kenndi mér það að það borgar sig aldrei að flýta sér. Við unnum vel saman. Ég passaði upp á að halda framleiðsluferlinu gangandi og hún passaði upp á vandvirknina og gæðin.

Hefurðu alltaf verið fagurkeri? Ég man eftir sjálfri mér frá þriggja ára aldri þar sem ég var bæði saumandi og skapandi. Fjögurra ára kenndi amma mín mér að þrjóna og átta ára þrjónaði ég mína fyrstu peysu. Á unglingsár-



ALLAR LEIÐIR FÆRAR EFTIR VERKFRÆÐINA

MYND/ÚR EINKASAFNI



unum saumaði ég á mig kjóla í stórum stíl. Þegar ég varð ólétt af fyrra barninu mínu átti ég þrjónuð ungbarnaföt í stöflum. Auðvitað deildi ég áhuganum með vinum og kunningjum og kenndi mörgum þeirra að þrjóna.

Móðurhlutverkið í bland við framann, hvernig gengur að tvinna það saman? Það gengur ótrúlega vel að tvinna saman barnauppeldi, vinnu og áhugamál. Ég hef til dæmis mikið úthald í að sitja úti á rólo tímum saman því saumadótíð er ávallt meðferðis. Ég hugsa að við þrjú gefum hvert öðru innblástur og vangaveiturnar um lífið og tilveruna eru stórar og yfirgripsmiklar.

▶ Sjá nánar á visir.is/lifid



DAGUR Í LÍFI

Yesmine Olsson



7.00-8.00 Fer á fætur! Tíminn veitur svona aðeins á því hve lengi ég vann kvöldinu áður. Svare e-mail og undirbý morgunverð.

8.45 Geng með Ronju í skólann.

9.00 Fer á góða æfingu í World Class í Ögurhvarfi eða hleyp hring í kringum Elliðavatn.

11.00 Hitti grafíska hönnuðinn minn, hana Blæ Guðmundsdóttur sem vinnur með mér að nýju heimasíðunni minni, Yesmine.com eða Yesmine.is sem fer í loftið í næstu viku á sama tíma og þessari seríu af mat-

reiðsluþáttunum mínum á RÚV lýkur.

13.00 Snæði ljúffengan hádegisverð á Ginger í Síðumúla með góðum vinum.

14.30 Skipulagsfundur fyrir Bollywood-árshátíð.

15.00 Kaupi matvæli fyrir matreiðslunámskeið kvöldins.

16.00 Næ í Ronju, dóttur mína. Við fáum okkur snarl og förum á fimleikaæfingu.

17.30 Keyri til Keflavíkur.

18.00-22.00 Kenni indverska matargerð á matreiðslunámskeiði.

22.30 Held heim á leið.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Sendu 5 toppa
af Merrild eða
Senseo-pökkum fyrir
17. mars til:
Merrild
Pósthólf 78
130 Rvk

Safnaðu 5 toppum af Merrild og freistaðu gæfunnar

Þér er boðið að taka þátt í skemmtilegum leik sem getur fært þér stórkostlegan vinning.

Safnaðu fimm toppum af Merrild eða Senseo kaffipökum og þú gætir unnið:

- 100.000 kr. í Debenhams
- Meikóver-dag með Kalla
- Fjölda annarra vinninga

Nýjasta Senseo kaffivélin frá
Heimilistækjum og ársbirgðir
af Merrild eða Senseo kaffi



100.000 kr. gjafakort í Debenhams
og meikóver-dagur með Kalla



MERRILD



HEILSUHEIMUR

HLAUPARÁÐ
ELÍSABETAR

MYND/365 MIDLAR

Elísabet, sem segir áhorfendum Stöðvar 2 hvernig viðrar, veit meira en margur hlaup en hún hefur tekið þátt í sex maraþonhlaupum frá árinu 2005 og hlaupið Laugaveginna síðastliðin þrjú ár.

Búnaður mikilvægur

Góðir hlaupaskór eru án efa mikilvægasti búnaðurinn en skótegund sem hentar manni ekki eða skór sem eru úr sér gengnir og hafa misst alla dempun geta ýtt undir meiðsli.

Jákvætt hugarfar skiptir máli

Fyrstu hlaupin geta reynst mörgum erfið ekki síður andlega en líkamlega. Með jákvæðu hugarfar og smá aga komast flestir yfir fyrsta hjallann eða þar til þolið er orðið gott. Mikilvægt er að fara rólega af stað og alls ekki ætla sér of mikið í byrjun.

Mataræðið spilar stóra rullu

Hollt og fjölbreytt mataræði er nauðsynlegt samhliða hlaupunum. Kolvetni eru helsti orkugjafi okkar á hlaupum og því þurfa hlauparar og annað þoliþróttafólk oft að auka hlutfall þeirra í mataræðinu. Það þýðir þó ekki að þeir sem eru að byrja að hlaupa ættu að borða stóra

skammta af pasta og brauði í öll mál. Það skiptir meira máli að velja fjölbreyttar og næringarríkar fæðutegundir.

Teygjur nauðsynlegar

Ég mæli með því að fólk skokki mjög rólega eða labbi í fimm til tíu mínútur eftir hverja æfingu en þá verður maður yfirleitt ferskari í skrokknum á næstu æfingu. Síðan er mikilvægt að taka góða stund eftir allar æfingar og teygja á helstu vöðvum líkamans og þá sérstaklega lærvöðvum, mjöðmum, rassi og kálfum.

Huga að reglulegri öndun

Byrjendur ættu að reyna tileinka sér góðan hlaupastíl en hann snýst einna helst um að slaka vel á í efri hluta líkamans. Líkaminn á að vera uppréttur og handleggir og axlir alveg slakar en láta mjaðmir og fætur sjá alfarið um hlaupahreyfinguna. Regluleg öndun hjálpar manni að slaka á.

➤ Sjá nánar á visir.is/lifid



MYND/EINKASAFN EDDU

SET MÉR REGLULEGA NÝ MARKMIÐ

EDDA HERMANNSDÓTTIR**ALDUR:** 25 ára**BÖRN:** Emilía, 4 ára og Sigurður, 1

árs.

STARF: Nemi í hagfræði, kenni leikfimi í World Class og spyrill í Gettu betur.**ÁHUGAMÁL:** Eyða tíma með fjölskyldu og vinum, hreyfing, ferðalög og dunda í matargerð og bakstri.

hafa hreyfinguna ekki of einhæfa og reyna að koma líkamanum á óvart. Ekki dunda sér of mikið á hlaupabrettinu dag eftir dag. Aðalatriðið er auðvitað að hafa gaman af því sem maður gerir.

Hvað gerirðu til að dekra við kroppinn? Mér finnst dekur og forréttindi að komast í góðan göngutúr eða í heitan pott. Algjör lúxus ef ég hef tíma í að fara í morgunpólitikina og slúðrið með körlunum í heita pottinum á Nesinu.

Hvað telurðu mataræðið vera stóran þátt í því að vera heilsuhraustur? Best er að hafa gott jafnvægi á mataræðinu og hreyfingunni. Mataræðið skiptir gríðarlegu máli ef markmiðið er að grennast, styrkja sig eða hafa orku í annasaman dag. Hins vegar hreyfi ég mig að stórum hluta til að geta leyft mér af og til „hið syndsamlega“ enda er ég algjör súkkulaðigrís.

Hvaða ráð geturðu gefið þeim sem bera fyrir sig tímaskorti og setja sjálfan sig á hakann? Það er mikilvægt að forgangsraða heilsu og hreyfingu framar öllu. Hreyfing og hollt mataræði gefur okkur aukinn kraft í daginn þó svo það sé oft erfitt að byrja. Gott skipulag skiptir öllu máli. Segir morgunfúla manneskjan sem stillir klukkuna á 05.45.

Eitthvað að lokum? Að mínu mati eru „átök“ ekki mjög gæfulegar leiðir, nema til þess að ná einhverjum skammtíamarkmiðum. Best er að venja sig á betri lífsstíl sem endist til frambúðar og finna hinn fullkomna milliveg. Mér finnst mjög gaman að setja mér reglulega markmið og reyna að keppast við að ná þeim án þess að fara út í neinar öfgar. Við þurfum að fara vel með þennan líkama sem á að endast okkur ævilangt.

Hefur þú alltaf verið áhugamanneskja um heilsu? Í raun fór ég ekki að hugsa almennilega um heilsuna fyrr en ég eignaðist mitt fyrsta barn. Þá þurfti ég að létta mig og áttaði mig á því hvað samspil matar og hreyfingar er mikilvægt.

Hvaða hreyfingu stundar þú? Ég kenni Þol og styrk og Tabata ásamt Súperformsnámskeiði í World Class. Þess á milli fer ég í göngutúra og sund með fjölskyldunni. Svo á vorin finnst mér ofsalega gott að draga fram hlaupaskóna.

Hvað hreyfir þú þig að meðaltali oft í viku? Ég kenni sex til sjö sinnum í viku og læt það nú oftast duga.

Hvað er það við líkamsræktina sem heillar þig? Að byrja daginn á góðu púli við góða tónlist er dásamleg byrjun á deginum. Fyrir utan hvað tilfinningin er góð þá getur maður líka fengið sér að borða með góðri samvisku.

Hefurðu lent í því að fá leið á henni? Áður fyrr fann ég ekki hvaða hreyfing hentaði og passaði ekki að taka mataræðið í gegnum leið. Þá hélt ég aldrei lengi út í neinu og missti móðinn fljótt í ræktinni.

Hvað gerirðu þá? Ég passa í raun alltaf upp á að breyta reglulega um prógram ef ég er að æfa sjálf. Lyfti lóðum, út að hlaupa og synda. Mér finnst langbest að

Eykur styrk og þol vöðva
Betri árangur!Vöðvabólga og stirðleiki
Byltingarkennt andoxunarefni!!

Lagar fljótt vöðvabólgu, stirðleika, eymsli, harðsperrur og sinaskeiðabólgu. Gefur aukna mýkt og vellíðan. Eykur styrk og þol vöðva. Greinilegur árangur við líkamsrækt, álagsvinnu og ferðalög.

Íþróttafólk og sjúkrapjálfarar mæla með AstaZan

AstaZan styrkir einnig húðina sem verður fallegri og fyrr brún í sól eða ljósabekk.



Fæst í apótekum, heilsubúðum, Fríhöfninni, Krónunni, Hagkaup og Nettó.



1 hylki á dag.
Virkar strax!

LEIÐIN Á LEIKANA

SAFFRAN hefur gert styrktarsamning við sex íslenska afreksmenn í íþróttum í þeim tilgangi að mæta kostnaði þeirra við vandaðan undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London 2012.

Með stolti lýsir Saffran yfir stuðningi sínum við Kára Stein Karlsson maraþonhlaupara.

Skoðaðu leið Kára Steins á leikana á leidin.saffran.is

SAFFRAN



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...



Kate Winslet í glænýrri þáttaröð
MILDRED PIERCE
Hefst á miðvikudag á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

BÍO EXTRA



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR FORSTJÓRI JÁ

ZARA

MANGO

ARMANI EXCHANGE

TOPSHOP



SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR VÖRUMERKJASTJÓRI ÖLGERÐARINNAR

ROKK OG RÓSIR

KARL LAGERFELD FYRIR H&M

SECOND HAND TASKA

ORÖBLU ALL COLOURS

GS SKÓR

MYNDIR/KRISTINN MAGNÚSSON

DRESSIN Á LÚÐRINUM

Glæsileikinn var allsráðandi á Ímark hátíðinni sem fram fór í Hörpu á föstudagskvöldið. Lífið forvitnaðist um flottan klæðnað gesta.



HUGO BOSS

BOSS ORANGE

SHE

EVA

HÖDD VILHJÁLMSDÓTTIR FRÉTTAMAÐUR STÖÐVAR 2



NIVEA

BOSS

VÍK PRJÓNSDÓTTIR

SPAKSMANNSPJARIR

CHIE MIHARA

HALLA HELGADÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



FARMERS MARKET

MADRAS BY A.P.C.

H&M

ANTIPAST

ISABEL MARANT

KRISTÍN ÁSTA KRISTINSDÓTTIR SKRIFSTOFUSTJÓRI JÓNSSON & LE'MACKS



skemmtilegri

HEFST 22. MARS



NÝ GAMANPÁTTARÓÐ

MID-ISLAND

EIÐHEITUR MARS

HLÁTUR, SPENNA OG HÆFILEIKAR Í NÝJUM VERÐLAUNAPÁTTUM



Þættir sem færðu Kate Winslet Emmy og Golden Globe verðlaunin.
HEFST 7. MARS



Æsispennandi verðlaunapáttur frá framleiðendum 24.
HEFST 4. MARS



Idol stjarnan Katharine McPhee í þáttum frá Steven Spielberg.
HEFST 5. MARS



Spennandi keppni milli íslenskra hönnuða um starf hjá 66° NORÐUR.
HEFST 21. MARS

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra
243 KR.
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Lífið

HELGARMATURINN



Hollar amerískar pönnukökur að hætti Ágústu Johnson framkvæmdastjóra

„Það tekur enga stund að hræra þetta saman og okkur finnst voða huggulegt að fá okkur pönnur á sunnudögum og enn betra að vita að í þeim eru engin óholl efni og fullt af góðri næringu. Tvíburarnir mæta iðulega með vinina með sér í sunnudagskaffi svo það er þétt-skipað við eldhúsbordið og staflinn gengur hratt út. Ég er ekkert sérlega nákvæm á innihaldinu, nota það sem til er í skápunum. Stundum sleppi ég haframjölínu og set kannski smá bókhveiti í staðinn eða nota vanilluskur ef ég á ekki jógúrt,“ segir Ágústa.



HOLLAR AMERÍSKAR PÖNNUKÖKUR

- 2 bollar fínalað spelt
- ½ bolli fínt haframjöl
- 2 egg
- 1 bolli létt Ab mjólk eða hrein jógúrt eða vanilluskur
- 2 ½ bolli fjörmjólk eða vatn
- 3 msk. brætt smjör eða góð olía
- 2-4 msk. hrásykur (má sleppa)
- 1 tsk. sjávarsalt
- 2 tsk. lyftiduft (gjarnan vínstains)
- 1 tsk. kaniill eða vanilludropar

Allt hrært vel saman og þynnt e.t.v. með smá meiri fjörmjólk eða vatni ef þarf. Frábærar með lífrænt ræktuðu hlynsírópi og bláberjum. Góðar á sunnudögum.



NÍNA SENDIR FÖT

Nína Björk Gunnarsdóttir, ljósmyndari og áhugamanneskja um tísku, kemur reglulega til Íslands en hún er búsett í Lúxemborg ásamt sambýlismanni sínum og tveimur börnum. Í einni heimsókn sinni til Íslands fékk hún þá hugmynd að aðstoða tískupyrsta landsmenn með því að taka að sér að kaupa fatnað í Lúxemborg og senda heim gegn vægu gjaldi. „Mér finnst nú ekki leiðinlegt að kíkja í búðir og svo er bara ótrúlega gaman að geta sent föt sem ekki fást á Íslandi. Ég er nú helst að fara í H&M enda er það svona hagstæðast,“ segir Nína að lokum.

[facebook.com/Nina-sendir-fot](https://www.facebook.com/Nina-sendir-fot)

BREYTIÐ BORGinni

Guðlaug Ágústa Halldórsdóttir listakona vinnur hörðum höndum að breytingum á veitingasölum Hótel Borgar sem Garðar Kjartansson hefur tekið á leigu.

„Okkur langar að færa staðinn í sem upprunalegast horf og sýna sögu hússins í gegnum tíðina með myndum og hlutum sem til eru,“ segir Guðlaug sem hefur í nægu að snúast þessa dagana við að gera upp veitingastaðinn svo gestir geti upplifað stemningu sem hæfir húsinu eins og þegar Jóhannes Jósefsson glímukappi opnaði staðinn formlega árið 1930 þegar Hótel Borg var miðpunktur borgarlífsins.



Dove
MEN
+CARE



NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaeindir (micro moisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI]



Protabú Skjaldar ehf

auglýsir neðangreindar fasteignir til sölu

Hafnarstræti 19: (Rammagerðarhúsið)



Skrifstofu- og verslunarhúsnæði á 3 hæðum, auk kjallara samtals 1.110 m²

Hafnarstræti 18:



Skrifstofu- og verslunarhúsnæði á 2 hæðum auk kjallara, samtals ca. 680m².

Hafnarstæti 17:



Skrifstofu- og verslunarhúsnæði á 2 hæðum auk kjallara, samtals ca. 700m².

Fasteignirnar eru staðsettar við Hafnarstræti 17, 18 og 19 í miðbæ Reykjavíkur.

Eignirnar seljast í því ástandi sem þær eru nú. Áskilinn er réttur til að taka eða hafna hvaða tilboði sem er.

Tilboð sendist til skrifstofu skiptastjóra, Jóhanns Baldurssonar hdl, Ásvallagötu 28, 101 Reykjavík, merkt þb. Skjaldar ehf, kt. 590269-7009.

Nánari upplýsingar veitir skiptastjóri í síma 896-5020.

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

STERK

ATVINNUAUGLÝSING Á RÉTTUM STAÐ

Vertu með atvinnuauglýsinguna þína í Fréttablaðinu, mest lesna blaði landsins.*

Atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu birtast líka á atvinnuvef Vísis.

FRÉTTABLAÐIÐ

vísir ATVINNA



MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

BÓKID AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

VIÐAR INGI PÉTURSSON
vip@365.is 512 5426

HRANNAR HELGASON
hrannar@365.is 512 5441



81 MIKHAÍL GORBATSJEV fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, er 81 árs í dag. „Markaðurinn varð til við upphaf siðmenningarinnar. Hann er ekki uppfinning kapitlismans. Ef hann bætir velferð fólksins er hann ekki í mótsögn við sósíalismann.“



Móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

Aðalbjörg M. Jóhannsdóttir (Alla Magga)

er látin. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Bergur Sverrisson Pórhalla Haraldsdóttir
Margrét Sverrisdóttir Pétur Guðmundsson
Jóhanna Jóhannsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Ásta Elsass Jansen

Malarási 12, Reykjavík,

sem andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 26. febrúar, verður jarðsöngin frá Árbæjarkirkju mánudaginn 5. mars kl. 13.00.

Poul Jansen Lilia Jansen
Stefán Þór Jansen Barbara Cacciamani
Svend Jansen
Emma Caterina Jansen



Ástkær sonur okkur og bróðir,

Kristján Pétur Guðmundsson

Hjallalundi 17f, Akureyri,

lést á Calmette-sjúkrahúsinu í Phnom Penh, Kambódíu, fimmtudaginn 23. febrúar sl. Útförin mun fara fram í kyrrþey. Við þökkum af allhug auðsýnda samúð og vinarhug.

Helga Þóra Kjartansdóttir Anna Karin Júlíussen
Guðmundur Kristjánsson Hrefna Guðmundsdóttir
Kjartan Guðmundsson Emilía Gunnarsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Guðbjörg Bjarnadóttir

til heimilis að Kársnesbraut 17, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans þann 27. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju, mánudaginn 5. mars klukkan 11.00. Við þökkum starfsfólki Landspítalans góða umönnun.

Hellen S. Helgadóttir Einar Eberhardtsson
Bjarni Helgason Sjöfn Guðmundsdóttir
Eggert Helgason Erla Sverrisdóttir
Bjarni Ellert Bjarnason
Sigríður Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Svava Eggertsdóttir

frá Haukagili, til heimilis að Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést 18. febrúar á Hornbrekku, heimili aldraðra, Ólafsfirði. Útför hennar fór fram í kyrrþey.

Bræðrabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jódís Jónsdóttir

áður til heimilis á Sléttuvegi 11,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 21. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Valgerður G. Ólafsdóttir Már Viðar Músson
Margrét Ólafsdóttir Kristján Björn Ólafsson
Pála Kristín Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Ólafsson

vélsjóri, frá Grænumýri, Seltjarnarnesi,

lést 29. febrúar á Hrafnistu, Reykjavík.

Árný V. Ingólfssdóttir Kolbeinn Guðmundsson
Sigríður Ingólfssdóttir
Ólafía Ingibjörg Ingólfssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát

Bjarna Þórðarsonar

tryggingastærðfræðings.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á 11 B og 11 G á Landspítalanum við Hringbraut.

Kristín Guðmundsdóttir Dagur Jónsson
Þórdís Bjarnadóttir Hjörtur Hjartarson
Hildur Bjarnadóttir Þórhallur Ágústsson
Valgerður Bjarnadóttir
Vera, Vaka og Vala
Úlla, Bjarni Orvar og Breki
Kristín Ísold og Ágústi Atli
Viðar Þórðarson, Jóhannes Þórðarson og Þóra Vala Þórðardóttir.



Robert (Rab) Christie

Grettisgötu 43 A,

er látinn. Útförin auglýst síðar.

F.h. aðstandenda, Grainne Morris

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



BIÓKÖNGUR Arni Samúelsson fagnar þrjátíu ára afmæli Sambíóanna með gömlum og nýjum samstarfsfélögum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAMBÍÓIN: FAGNA 30 ÁRA AFMÆLI

Tíminn flýgur þegar er gaman

Í kvöld fagnar fyrrverandi og núverandi starfsfólk Sambíóanna þrjátíu ára afmæli fyrirtækisins með því að blása til veislu á Grand Hótel. Þar verður að sjálfsögðu Arni Samúelsson, sem opnaði Bíóhöllina, forvera Sambíóanna, á þessum degi árið 1982. „Það er alveg makalaust hvað þetta er búið að vera fljótt að líða,“ segir Arni, þegar hann er beðinn um að líta yfir farinn veg. „En svoleiddis er það líka alltaf þegar gaman er í vinnunni,“ bætir hann við.

Arni segir að margir hafi álitid það óds manns æði að opna Bíóhöllina í óðaverðbólgu ársins 1982. Það hafi hins vegar verið óþarfar áhyggjur, enda hafi bíóhúsinu í Álfbakka verið tekið fagnandi þá og sé enn í dag geysivinsælt meðal bíóunnenda. „Það var heil kynslóð sem ólst upp við það að koma hingað í Álfbakkann í bíó, á árunum 1982 til 1992. Margir þeirra koma enn þá alltaf hingað,“ segir hann. Í dag eru Sambíóin þó orðin sex, en auk Álfbakka er þau að finna í Kringlunni, Egilshöll, á Selfossi, Akureyri og í Keflavík.

Sjálfur segist Arni velja að horfa á bíó í Álfbakkanum eða í Egilshöll, sem hann fullyrðir að sé með betri bíóhúsum heims. „Ég er nýkominn frá Los Angeles, sjálfri bíoborginni, og eftir þá heimsókn get ég fullyrt að Egilshöllin er betri en bíóin í Hollywood í dag. Við erum með þeim bestu í heiminum hvað varðar tækni og gæði húsa.“

Næst á dagskrá Sambíóanna er að bæta Kringlubíó. „Við erum nýbúin að endurnýja leigusamning við Kringluna, svo nú verður látið töluvert fé í breytingar á bíóinu þar.“

- hhs



Ástkær dóttir okkar, móðir, tengdamóðir og amma,

Svava S. Hjaltadóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 24. febrúar. Útförin fór fram í kyrrþey. Við sendum þakkir til allra sem veittu okkur stuðning og sýndu okkur hlýhug.

Kristín Björg Svavarsdóttir Hjalti Guðmundsson
Kristín Björg Kristjánsdóttir Bernóðus Sveinsson
Ingibjörg Jónasdóttir Jo Berger Myhre
Birna Dröfn Jónasdóttir Sævar Jökull Björnsson
Atli Jónasson Magnea Rut Matthíasdóttir
og fjölskyldur.

NÝTT FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI



D-VÍTAMÍNÞÆTT LÉTTMJÓLK

Stóran hluta ársins fá Íslendingar ekki nægilegt D-vítamín. Þess vegna fæst nú D-vítamínþætt léttmjólk. Í einu glasi er einn þriðji af ráðlögðum dagskamti. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

Í nýlegri rannsókn á mataræði 15 ára unglunga á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala kemur í ljós að innan við 5% stúlkna nær ráðlögðum dagskamti af D-vítamíni og innan við 10% drengja. Þegar litið er til þess að á yngri árum er beinmyndun í hámarki og þörf fyrir D-vítamín sérstaklega mikil þá er ljóst að bregðast þarf við.

D-vítamínþætt léttmjólk - eins og hollur sólargeisli :-D

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. samsull, 6. þys, 8. fæðu, 9. gerast, 11. fingerð líkamshár, 12. sjúga, 14. steintegund, 16. tveir eins, 17. áþekkt, 18. drulla, 20. í röð, 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT

1. yndi, 3. kringum, 4. köldusótt, 5. hlóðir, 7. flík, 10. skammstöfun, 13. samræða, 15. gípa, 16. kóf, 19. holskrúfa.

LAUSN

skál, 16. kaf, 19. ró.
5. stó, 7. skokkur, 10. etv, 13. tal, 15. LÖBRET: 1. lýst, 3. um, 4. malarla, 17. lík, 18. aur, 20. að, 21. frá.
LÁRÉTT: 2. gúms, 6. ys, 8. mat, 9. ské, 11. íð, 12. totta, 14. kvars, 16. kk.

Helgarblað

alla laugardaga



Stórveldi rís í Berlín

Dagur Sigurðsson á stóran þátt í uppgangi Fúchse Berlin sem er orðið eitt besta félagslið Evrópu í handbolta.


Meðal annars efnis:

Var hún kannski í myndun þessi eina sanna ást?

Eru ástarsögur ómerkilegt rusl en skvísubækur raunsonn lýsing á lífi nútímaþvenna?

Myndir þú taka þátt í Gay Pride?

Biskupsefnin átta svara spurningum Fréttablaðsins.



Allt sem þú þarft

Árið 1996

BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur

Árið 1996 hófst á mánudegi. Íslendingar voru 267.958 að tölu. Bíómiði kostaði 550 krónur. Mánaðarskrift að Morgunblaðinu kostaði 1.700 krónur. Fréttablaðið var ekki til.

ÁRIÐ 1996 átti Davíð Oddsson eftir að vera forsætisráðherra í átta ár. Ólafur Skúlason var biskup. Jóhanna Sigurðardóttir fór fyrir Þjóðvaka. Það var herstöð á Miðnesheiði. Enn voru sex ár í einkavæðingu bankanna. Tólf ár í Hrunið.

ÁRIÐ 1996 var John Major forsætisráðherra Bretlands, Yasser Arafat forseti heimastjórnar Palestínuranna, Helmut Kohl kanslari Þýskalands. Fimm ár voru í árársirnar á tvíburaturnana í New York. Sjö ár í Íraksstríðið.

ÁRIÐ 1996 voru tvö ár liðin frá því Kurt Cobain fyrirfór sér. Flannelskyrtur og Dr. Martens skór grunge-tímabilsins tóku að vika fyrir míni-pilsum og klumbuskóm eins og stúlknabandið Spice Girls klæddist er þær gáfu út fyrstu smáskífu sína. Ókklabrot færðust í aukana. Hár flæktist í burstum um heim allan er konur reyndu að öðlast hinn heilaga kaleik: greiðslu sem bauð þyngdaraflinu birginn og nefndist „Rachel“ í höfuðið á persónu eins vinsælasta gamanþáttar tímabilsins, Friends. Enn



voru fjögur ár í að Jennifer Aniston sem lék umrædda Rachel giftist kyntröllinu Brad Pitt svo hjörtu kvenna með flatara hár brustu. Níu ár voru í að þau skildu.

ÁRIÐ 1996 rispaði ég stuðarann á Volvónum hans pabba, nýkomin með bílpróf. Anna Mjöll söng Sjúbbidú. Þá fæddist fyrsta klónaða spendýrið, kindin Dollý. Fimm ár voru í að Smáralind opnaði. Google var aðeins óbreytt rannsóknarverkefni tveggja nörða í Stanford-háskóla. Fólk var nýhætt að hlusta á kassettur. Tölvufyrirtækið Apple var á barmi gjaldþrots og iPod og iPhone voru aðeins rafmagn milli heilafrumna í höfðinu á Steve nokkrum Jobs.

ÞEIR sem fæddust árið 1996 hefja nú senn nám í framhaldsskóla. Þeir sem fjölguðu mannkyninu árið 1996 mega fara að búa sig undir rispur á stuðurum bíla sinna.

ÁRIÐ 1996 var Ólafur Ragnar Grímsson kosinn í embætti forseta Íslands. Hefur hann setið af sér alla helstu lýðræðislega kjörnu þjóðarleiðtoga heimsins. Meira að segja Pútín. Hann hefur séð góðæri koma og fara, stríð koma og fara, hárið á Jennifer Aniston fletjast út og nú síðast flannelskyrtur og Dr. Martens koma aftur í tísku. Ólafur Ragnar hefur setið af sér heila tiskuhringrás, heilu stjörnuhjónaðöndin, heilu tæknibyltingarnar. Er þetta ekki orðið gott?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



*Við óskum SAMbíóunum til
hamingju með afmælið*

20 milljón gestir

30
ÁRA
SAMBÍÓIN



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM



498
KR. KG

FERSK VÍNBER RAUÐ OG GRÆN STEINALAUS



195
KR. KG

ÓMISSANDI EFTIR SALTBJÖTID
VATNSMELÓNUR



259
KR. KG

GUL MELÓNA



HEIMILISBRAUÐ

259
KR. 770 GR

MYLLU 770 GR.
HEIMILISBRAUÐ



259
KR. 330 ML

HIMNESKUR 330 ML
ENGIFERDRYKKUR



298
KR. 1 LTR.

RICE DREAM 1 LTR.
RÍSMJÓLK + KALCIUM



298
KR. 250 ML

FROOSH SMOOTHIE
ÓSVIKINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR



SMJÖRVI 300 GR
Tilboðsaskjan
209 kr.



300 kr.
VERÐLÆKKUN

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
Verð áður 1598 kr./kg.
1298 kr./kg



GOUDAOSTUR 26%
Verð áður 1259 kr./kg.
998 kr./kg




359
KR. 200 GR

BONUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



KLUKKAN 10 FÖSTUDAGUR OPNUM KLUKKAN 10



1995
KR. KG

KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR



695
KR. KG

KJÖRFUGL HEILL FERSKUR



595
KR. KG

KJÖRFUGL KJÚKLINGABITAR

FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR GOTT VERÐ



1998
KR. KG

ÍSLANDSNAUT
FERSK UNGNAUTA-PIPARSTEIK



1395
KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
KRYDDAÐ HEIDALAMB



1998
KR. KG

ÍSLANDSLAMB JURTAKRYDDAÐ
ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI



1498
KR. KG

ÍSLANDSGRÍS
FERSK GRÍSAÐLUND



998
KR. KG

KOFAREYKTUR HANGI-FRAMPARTUR
MEÐ BEINI



BÓNUS BRAUÐÁLEGG
120 GR. SILKISKORIN
LÚXSUSKINKA OG REYKT
LÚXSUSKINKA

EKKERT VIÐBÆTT VATN

Íslenskt álegg sem uppfyllir
skilyrði skráargatsins

359 KR.



BÓNUS PYLSUR 10 STK
359 KR. ca. 480 gr.
PYLUBRAUÐ 5 STK
139 KR.



195
KR. 2 LTR.



	4	9	5		1	
8			3		9	
				1	5	
	1	5		4	2	7
		8			6	
	2	6	7		4	1
		9	6			
2			8			7
5			2	9	3	

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 48



LEIKSÝNINGIN SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN verður sýnd á Nordatlantens bryggje í Kaupmannahöfn sunnudaginn 4. mars klukkan 14. Leikið verður á íslensku fyrir Íslendinga búsetta í Kaupmannahöfn. Skrímslið litla systir mín er saga af strák sem ferðast gegnum skuggalega skóga, um dimmar drekaslóðir alla leið út á heimsenda og lærir í leiðinni að elska litlu systur sína.

Myndlist ★★★★★

Systrasögur – Tvíhent á striga

Sara og Sandra Vilbergsdætur

Listasafn ASÍ. Stundur til 4. mars 2012

Viltur æskublómi

Samkvæmt nýútgefinni listasögu kannast flestir núlifandi málaraar við angistina sem fylgir því að standa einn frammi fyrir auðum striga. Jafnvel djörfustu málaraar eru því jafnan búnir að mála á hann í huganum áður en hann er strekktur á blindrammann. Sumir leita í hverskyns töframeðul í örvæntingu sinni og fá þannig hugrekki ljónsins, því ekkert minna dugur þegar takast skal á við léreftið af vestrænum þunga. Það breytir því ekki að við hér á norðurhjaranum klínnum einnig óhikað okkar málningu en látum sakleysi barnsins duga. Með hópeflinu kemur svo hugrekkið sem á vantaði og árangurinn lætur ekki á sér standa því flest málverk eru gleðigjafar í kreppunni sem færa okkur von.

Listakonur Sara og Svanhildur Vilbergsdætur hafa síðustu tvö ár sótt í sig veðrið og látið að sér kveða sem fjórhentur dúómálari. Þótt tvö ár séu enginn tími hjá miðaldra listakönnum eru framfarirnar augljósar og hraðar líkt og hjá hvítvoðungi. Listakonur sverja sig í ætt við Düsseldorf-arm hinnar þýsku hreyfingar Junge Wilde frá sjöunda áratugnum en virðast



einnig hafa heillast af impressjónismanum. Þá leita þær til endur-reisnarinnar – því hann var svo nákvæmur hann Caravaggio – eftir inn-blæstri, að ógleymdri Fridu Kahlo sem lesendur Fréttablaðsins þekkja úr Þjóðleikhúsinu og spurningaþættinum Gettu betur en verk hennar þóttu mjög súrr-ealisk.

Í arinstofu lista-safsins hafa þær svo komið fyrir munum úr vinnustofu sinni og búið

til innsetningu og auðvitað má segja að öll sýningin sé einn heljarinnar gjörningur sem sver sig í ætt við það flippaðasta hjá ungu kynslóðinni og krúttunum en það er önnur saga. Verk systranna er frábært dæmi um hvernig nýsköpun úthverfanna blómstrar þar sem ólík svið mætast í svokölluðum sköpunarsmiðjum eins og Listamiðstöðinni á Korpúlfsstöðum, Toppstöðinni og Húsi hugmyndanna. Þetta spennandi nærumhverfi systranna, þar sem listamenn leika við hvern sinn fingur og gollfeikarar slá í sínar kúlur, ratar inn í málverkin ásamt reynsluheimi kvenna og slúðri dönsku blaðanna. Þetta á sérstaklega við um elstu verkin sem eru frískleg og djörf þótt byrjandabragurinn sé aldrei fjarri góðu gamni, samanber hið óborgana Tiger in the Woods.

Í Sex undir pari má sjá syndugan gollfeikara, kynlífsdúkk (sem reyndar er barnaleikfang) og sex dverg. Verkið vekur upp frjáls hugrenningatengsl og áleitna spurning: Af hverju vantar sjöunda dvergin? Vera má að honum hafi verið sleppt vegna tvíraðs titils verksins en þær systur eru einmitt hallar undir orðaleiki (sbr. Homage með fromage og Sjálfsmynd með pönnu og könnu). Rýni finnst hins vegar líklegra að vísað sé í táknmál ævintýrisins um Mjallhvíti þar sem dvergarnir sjö standi fyrir sjö þroskastig sem stúlkubarnið þarf að komast í gegnum áður en það verður að konu, eða sjö dyggðir sem hún þarf að læra hjá dvergnum áður en hún verður húsum hæf. Með því að sleppa lykildverg (líklega þeim hugrakka) úr jöfnunni skapast andrúmsloft millibilsástands eða eilífrar æsku sem helst út sýninguna alla. Og auðvitað hafa dvergar almennt séð eiginleika eilífrar æsku sama hversu margir þeir eru þannig að skilaboðin gætu ekki verið skýrari: Það mikilvægasta af öllu er að varðveita barnið sem í listamanninum býr. Í græskulausum leik barnsins er uppspretta allrar sköpunar og nýsköpunar. Í einu af seinni verkum sýningarinnar birtist reyndar Rauðhetta sem gefur vísbendingu um að skeiðinu sé að ljúka og jafnvel að umbreytingin sé að gerast allt of hratt!

Ásmundur Ásmundsson

Niðurstaða: Það mikilvægasta af öllu er að varðveita barnið sem í listamanninum býr og það hafa þær systur Sara og Svanhildur svo sannarlega gert og sverja sig þannig í ætt við íslenskar hefðir.

krakkasíðan
krakkar@frettabladid.is

Kári Steinn Karlsson tók þátt í fyrsta götuhlaupinu sínu þegar hann var nýbyrjaður að ganga. Í sumar keppir hann í maraþoni á Ólympíuleikunum í London.



MASTERMIND Baldur hefur verið búsettur í San Francisco í fjögur ár og unnr hag sínum vel í borginni.

Vandræðalega stór titill

Myndlistarmaðurinn Baldur Helgason hlaut Mastermind-verðlaun dagblaðsins SF Weekly í San Francisco fyrir skemmstu, einn þriggja af hundruðum þátttakenda.

„Þetta er stórt nafn á viðurkenningu og dálítið vandræðalegt að taka á móti, ef ég á að vera alveg hreinskilinn, en engu að síður mjög mikill heiður,“ segir myndlistarmaðurinn Baldur Helgason sem nýlega var sámdur Mastermind-verðlaunum vikublaðsins SF Weekly í San Francisco. Verðlaunin eru veitt árlega listamönnum sem þykja skara fram úr á sínu sviði af þáttakendum á San Francisco-svæðinu.

Dömnefnd blaðsins valdi þrjá sigurvegara úr hópi nokkur hundruð þátttakenda sem sendu inn verk og hljóta þeir Mastermind-nafnbótina auk 1.500 dollara styrks sem ætlaður er til áframhaldandi þróunar listarinnar. Þá halda sigurvegararnir sýningu á Artopia-listahátíðinni í San Francisco, en auk Baldurs hlutu listamenn sem sérhæfa sig í dansi og ljósmyndun verðlaunin í ár.

Baldur hefur verið búsettur í San Francisco í fjögur ár og er kvæntur bandarískri konu. Hann útskrifaðist með MA-gráðu í teikningu frá Academy of Art University síðastliðið vor, en áður hafði hann lokið BA-námi í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Lokaverkefni Baldurs við Academy of Art University samanstóð annars vegar af olíuportretti og hins vegar myndskreytingu á þjóðsögunni um Búköllu, sem lista-



MAÐUR MEÐ GÆSINA SÍNA



MAÐUR ÓNÁÐAÐUR AF STRÚT Í BLEIKA HERBERGINU

maðurinn vann með koparstungu-aðferð. Síðan hefur hann starfað sem myndlistarmaður í borginni og segir Mastermind-titilinn heldur betur hafa vakið áhuga margra. „SF Weekly er víðlesió blað sem allir geta náð sér í á hverju götuhorni, svo umfjöllunin þar hefur komið sér mjög vel. Daginn eftir afhendinguna var ég á forsiðunni og sá í lestinni að allir voru að lesa um mig. Ég hef fengið mörg símtöl frá fólki sem vill skoða verkin mín eða kaupa og það er alveg frábært,“ segir Baldur, en hann leikur sér meðal annars mikið að portrett-forminu, setur viðfangsefni í nútímalegra form og hrærir í með hjálp ímyndunarafslins. „Margir hafa áhuga á uppruna mínum og þá set ég mig bara í kynningarfulltrúa-gírinn og reyni að selja Ísland.“

kjartan@frettabladid.is



SPARSÖM MÁLTÍÐ EFTIR PICASSO ENDURSKOÐUÐ

Dauðinn og stúlkan

Skáholtskvartettinn heldur tónleika í Hlökkunni að Kvoslæk í Fljótshlíð sunnudaginn 4. mars. Á efnisskránni verður meðal annars hinn þekkti kvartett Dauðinn og stúlkan eftir F. Schubert.

Kvartettinn skipa Jaap Schröder og Rut Ingólfsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir sem spilar á víðu og Sigurður Halldórsson sem leikur á selló. Þau hafa starfað saman frá árinu 1997 í Skáholtskvartettinum sem kemur fram á hverju sumri á Sumartónleikum í Skálholti og spilað víða í Evrópu.

Tónleikarnir að Kvoslæk hefjast klukkan 15 og verður boðið upp á kaffi í hléinu. - gun



SKÁHOLTSKVARTETTINN Kvartettinn hefur sjaldan spilað hér á landi nema á sumartónleikum í Skálholti.



Kjúklinga- borgari

699
kr.



Það jafnast ekkert á við kjúklingaborgarann á KFC. Gómsætt kjúklingabringa, ferskt salat og létt majó í mjúku brauð-faðm lagi.

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI WWW.KFC.IS

Minntust söngvara Monkees

Meðlimir The Monkees sem enn eru á lífi minntust söngvarans, Davy Jones, í gær. Jones, sem var eini Bretinn í hljómsveitinni, lést óvænt úr hjartaslagi 66 ára gamall í Flórída.

Trommarinn Mickey Dolenz sagði að fráfall Jones hefði skilið eftir risastórt gat í hjarta sínu og bætti við að hann hefði verið bróðirinn sem hann eignaðist aldrei. Bassaleikarinn Peter Tork sagði einfaldlega: „Bless Manchester-kúreki“. Leikarinn Will Smith minntist Jones einnig á Twitter og hljómsveitin Kasabian heiðraði hann á verðlaunahátíð NME.

The Monkees gerði garðinn fræg- an á sjöunda áratugnum. Henni

hefur verið lýst sem fyrstu popp-sveitinni sem var búin til af utan- aðkomandi aðilum. Það var gert vegna bandarískra sjónvarpsþátta sem hófu göngu sína árið 1966. Þar voru The Monkees markaðs- settir sem svar Bandaríkjanna við Bítlunum. Þættirnir voru vinsæl- ir bæði í Bandaríkjunum og Bret- landi og sveitin kom fjórum plötum í efsta sæti bandaríska vinsæld- listans á aðeins þrettán mánuðum. Meðal vinsælustu laga The Mon- kees voru Í m a Believer og Day- dream Believer. Þrír af upphafleg- um meðlimum hljómsveitarinnar, Jones, Dolenz og Tork komu aftur saman í fyrra og spiluðu á nokkrum tónleikum eftir margra ára hlé.



THE MONKEES Davy Jones, í miðjunni, ásamt Mickey Dolenz og Peter Tork þegar hljómsveitin kom aftur saman í fyrra.

NORDICPHOTOS/GETTY

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 02. mars 2012

→ Tónleikar

12.30 Anna Hugadóttir víóluleikari og Bjartmar Sigurðsson tenór flytja ljúfingslög og ariur á tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Háteigskirkju. Listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar er Lilja Eggertsdóttir píanóleikari. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



17.45 Tectonics tónlistarhátíðin verður í dag helguð **Magnúsi Blöndal Jóhannssyni**. Alls verða fernir tónleikar haldnir, þeir fyrstu klukkan korter í sex. Allir eru þeir í Hörpu.

→ Sýningar



20.00 RÚRÍ Yfirlitssýning verður opnuð í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg. **RÚRÍ** er einn helsti gjörningalistamaður þjóð- arinnar. Allir velkomnir.


→ Tónlist

22.00 Ljótu hálf- vitarnir snúa aftur og halda endur- komutónleika á Café Rosenberg. Á dagskrá verða helstu Hálfvita- smellir, nokkur lög sem óþarflega lengi hafa legið óspiluð og nýtt lag verður frumflutt.

22.00 Helgi Björns og Reið- menn vindanna halda tónleika á Græna hatt- inum, Akur- eyri. Miðaverð er kr. 2.900.



→ Fyrirlestrar



12.00 Alyson Bailes, aðjunkt við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, heldur erindi um möguleg áhrif Evrópu- sambandsaðildar á öryggis- og varnarmál á Íslandi.

12.00 Kristinn Sigmundsson heldur hádegisfyrirlestur við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands í Sölvhóli. Í fyrir- lestrinum fjallar hann um feril sinn og áhrifavalda. Auk þess mun hann ræða um starf söngvara og mikilvæg atriði í sambandi við undirbúning söngnem- enda fyrir starfið.

12.30 Óskar Sindri Gíslason doktors- nemi við líf- og umhverfisvísindadeild HÍ mun fjalla um framanli lífverur og grjótkrabba (Cancer irroratus) við Ísland í erindi.

13.00 Málþing um bókmenntir frá Rómönsku-Ameríku verður haldið í sal Þjóðmínjasafnsins.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.



Umm ... beikonbragð!

Kartöflugratín með beikoni er fljótlegt og auðvelt í matreiðslu. Þú rifur einfaldlega plastfilmuna af bakkanum, stráir osti yfir og það tekur aðeins 20 mínútur að hita kartöflugratínið í ofni. Auðveldara getur það ekki verið!

Kartöflugratín - alltaf ljúffengt

Pykkvabæjar

– íslensk gæði eftir þínum smekk!



SCHOLA CANTORUM Á tónleikunum í Hallgrímskirkju er kórinn skipaður sextán söngvurum og með honum koma fram fimm hljóðfæraleikarar.

Til heiðurs Hafliða

Listvinafélag Hallgrímskirkju stendur fyrir tónleikum til heiðurs Hafliða Hallgrímssyni í Hallgrímskirkju sunnudaginn 4. mars klukkan 17. Kammerkórinn Schola cantorum flytur þar átta kórverk Hafliða sem spanna tuttugu og fimm ár af hans höfundaverki, það nýjasta frá þessu ári.

Yfirskrift tónleikanna er Myndir úr Myrtuskógi með vísan til tónverksins Myrtuskógur fyrir kór, hörpu og klukkur frá árinu 1993. Kórverkin eru fjölbreytt að gerð. Þau eru samin við texta úr ólíkum áttum, allt frá færeyskri barnagælu til Sónhendu eftir Michelangelo Buonarroti og frá sálmaversi Húsafells-Bjarna til

Endurkomu Hannesar Péturssonar.

Í fjórum verkanna koma hljóðfæri við sögu, orgel, harpa, trompet og slagverk.

Schola cantorum vinnur nú að hljóðritun á öllum viðfangsefnum tónleikanna. Stefnt er að því að þau komi út á geisladiski síðar á þessu ári.

Schola cantorum er á þessum tónleikum skipaður 16 söngvurum. Með kórnum koma fram hljóðfæraleikararnir Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari, Elísabet Waage hörpuleikari, Ásgeir H. Steingrímsson trompetleikari og Frank Aarnink slagverksleikari. Stjórnandi er Hörður Áskelsson, organisti Hallgrímskirkju.



BATMAN Flottastur að mati lesenda teiknimyndablaða.

Batman þyk- ir langbestur

Lesendur teiknimyndablaðsins Comic Heroes Magazine hafa valið Leðurblökumanninn, Batman, sem bestu teiknimyndahetju allra tíma. Það kemur ritstjóra blaðsins, Jes Bickman, ekki á óvart að því er fram kemur í Politiken.

Hann segir að Batman, sem kom fram 1939 og var hugarústur Bobs Kane og Bills Finger, sé einfaldlega flottasta og áhuga-verðasta teiknimyndahetjan sem fram hefur komið. Í öðru sæti var Köngulóarmaðurinn en Superman í því þriðja. Þess má geta að Tinni var í sjötta sætinu.



Í **HRINGIÐU** Eitt af verkum Jóhönnu í SÍM salnum.

Áhrif ljóss og lita

Jóhanna Helga Þorkelsdóttir opnar einkasýningu í SÍM, Hafnarstræti 16, í Reykjavík. Sýningin ber titilinn Í dag er góður dagur og ég er í sólskinsskapi, og snýst um vangaveltur um áhrif ljóss og lita á viðkvæm sálartetur.

Jóhanna sýnir ljósverk með áprentuðum filmum sem bera myndir af litlum lífheimum og eru unnar lag eftir lag. Verkin eru baklýst með 10.000 Lux dagsljósaperum og hafa því möguleika á að hafa bein áhrif á taugarferfið eins og um raunverulegt sólarljós væri að ræða.

Að auki sýnir Jóhanna verk á vegg salarins og gefst áhorfendum kostur á að leggjast í sófa með dáleiðslu í eyrunum. -gun

**Vorkvöld í Reykjavík
- tónleikar í Eldborgarsal Hörpu**

Harpa mun óma á stórtónleikum Ragga Bjarna í Eldborgarsalnum **laugardaginn 12. maí kl. 20.**

Söngvarar: Raggi Bjarna, Eivør Pálsdóttir, Björn Jörundur, Diddú, Guðrún Gunnarsdóttir, Óskar Pétursson, Bjarni Arason og Álftagerðisbræður.

Jón Ólafsson og hljómsveit

► **Miðasala er hafin**

Miðaverð frá 4.900 kr. til 8.900 kr.

Almenn miðasala í miðasölu Hörpu, á harpa.is, midi.is og í síma 528 5050.


islandsbanki.is | Sími 440 4000

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast miðar á þennan einstaka tónlistarviðburð á **20% afslætti.**

Afslátturinn fæst þegar greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is.

Tilboðið gildir ekki í netsölu.

MÓÐURFÉLAGIÐ





35 ÁRA er söngvarinn Chris Martin í dag og fagnar hann eflaust tímamótunum með konu sinni Gwyneth Paltrow og börnum þeirra, Apple og Moses.



HLJÓMSKÁLINN Þeir Bragi Valdimar Skúlason, Sigtryggur Baldursson, Ívar Ívarsson og Guðmundur Kristinn Jónsson voru við tókur á Hljómskálanum á tónlistarverðlauninum.

FRÁBÆR STEMNING Á TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM

Tónlistarfólk landsins fjölmennti í Hörpu á miðvikudagskvöldið þar sem íslensku tónlistarverðlaunin fóru fram. Mugison fór heim með fimm verðlaun á hátíðinni og var meðal annars valinn vinsælasti flytjandi ársins. Kynnir kvöldsins var Vilhelm Anton Jónsson og meðal þeirra sem trúðu upp voru hljómsveitin Of Monsters and Men, Sóley, Mugison og Ari Eldjárn.



FÖGNUM Grímur Atlason og Sigurjón Kjartansson létu sig ekki vanta í Hörpu.



Í STÍL Þorleifur Gaukur og Aron Snær báru af í klæðaburði á verðlauninum.



GÓÐIR GESTIR Jónas Sig og Sverrir Leifsson.



PAR Jón Atli Jónasson og Urður Hákonardóttir stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



BJARTASTA VONIN Þau Árni Guðjónsson, Nanna Bryndís Hilmarsdóttir og Brynjar Leifsson í hljómsveitinni Of Monsters and Men ásamt vini þeirra, Sigurbirni Kristjánssyni.



TÓNELSK FJÖLSKYLDA KK mætti ásamt systur sinni Ellen Kristjánsdóttir og dóttur hennar, Elínu Ey.



GÓÐIR SAMAN Högni Egilsson, Bragi Valdimar Skúlason og Sigurður Guðmundsson skemmtu sér saman.

Snooki ólétt

Nicole Polizzi, betur þekkt sem Snooki úr raunveruleikabáttunum Jersey Shore, er ólétt. Snooki er hvað þekktust fyrir mikið partýstand í raunveruleikabáttunum sem sýndir eru á MTV og hafa notið mikilla vinsælda vestanhafs. Hún þarf því að snúa við blaðinu í kjölfar meðgöngunnar og segja slúðurmiðlar vestanhafs að MTV sé þegar byrjað að hugsa um nýja raunveruleikabáttaröð í kringum hina barnshafandi Snooki. Barnfaðir Snooki er kærasti hennar, Jionni LaValle.



BESTI NÝLIÐINN Hljómsveitin The Vaccines á NME-hátíðinni á miðvikudagskvöld.

Vaccines verðlaunuð

Rokkararnir í The Vaccines, með bassaleikarann Árna Hjörvar innanborðs, urðu fyrir valinu sem besta nýliðinn á NME-hátíðinni í London á miðvikudagskvöld. Florence and the Machine, The Horrors og Arctic Monkeys unnu helstu verðlaunin á hátíðinni. Florence and the Machine var valin besti sólótónlistarmaðurinn og átti besta lagið, Shake It Out. The Horrors var verðlaunuð fyrir bestu plötuna, Skying, og Arctic Monkeys var valin besta tónleikasveitin. Kasabian var jafnframt valin besta breska hljómsveitin. Þá hlaut Noel Gallagher, fyrrum meðlimur Oasis, heiðursverðlaun.

Vill dúett með Adele


George Michael hefur mikinn áhuga á að taka upp dúett með söngkonunni Adele. Michael afhenti henni verðlaun á Brit-hátíðinni á dögunum og lýsti eftir það yfir áhuga á að starfa með henni. „George er að vinna að sinni fyrstu plötu eftir að hann veiktist lífshættulega og hann er í góðu formi. Hann hefur mikið dálæti á Adele og þau eru orðnir góðir vinir eftir að þau hittust á Brit-hátíðinni,“ sagði heimildarmaður blaðsins The Daily Mirror. Michael veiktist í nóvember í fyrra og þurfti að aflýsa tónleikaferð sinni um Evrópu. Hann ætlar aftur í tónleikaferðalag næstkomandi september.



FADMLAG George Michael og Adele fadmast á Brit-hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

AUKATÓNLEIKAR

"THE SHOW MUST GO ON"



FREDDIE MERCURY

HEIÐURSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 18. APRÍL KL. 19:30 - UPPSELT!

AUKATÓNLEIKAR:

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 18. APRÍL KL. 22:00

EIRÍKUR HAUSSON - MAGNI - EYÞÓR INGI
MATTHÍAS MATTHÍASSON - FRIDRIK ÓMAR
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR

12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDVEIT
UNDIR STJÖRN ÞÓRIS ÚLFARSSONAR

EKKI VERÐUR UNNT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM

MIÐASALAN Á AUKATÓNLEIKANA HEFST KL. 12:00 Í DAG
2. MARS Á WWW.MIDI.IS, WWW.HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050
Miðaverð: 7.900.-/6.400.-/4.900.-

midi.is


IGG
EVENTS

*Víð óskum SAMbíóunum til
hamingju með afmælið*

20 milljón gestir

30
ÁRA
SAMBÍÓIN

væntanlegar stórm myndir



SPORT Í MARS

Vinsælustu íþróttir í heimi • sérútgáfa • mars 2012

**MANCHESTER ER NÝR
MIÐPUNKTUR EVRÓPU**
United og City í Evrópudeildinni

RONALDO VS MESSI
Bestu leikmenn heims í 16 og 8
liða úrslitum Meistaradeildarinnar

**SEX HEIMSMEISTARAR
Á RÁSLÍNUNNI**
Formúlan hefst 18. mars

**RAUÐI HERINN
ÆTLAR AFTUR
Á WEMBLEY**
8 liða úrslit í elstu
bikarkeppni í heimi

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG

KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

**5 UMFERÐIR Í ENSKA
FJÖLMARGIR STÓRLEIKIR**

Liverpool - Arsenal 3. mars
Tottenham - Man. Utd. 4. mars
Liverpool - Everton 13. mars
Man. City - Chelsea 19. mars
Chelsea - Tottenham 24. mars

**TOPPSLAGURINN Í
ÞÝSKA HANDBOLTANUM**

LIVERPOOL - ARSENAL Á MORGUN

STEVEN GERRARD

RISAMÁNUÐUR FYRIR RAUÐA HERINN

Kærasti Shakiru ætjar
að vinna MEISTARA-
DEILDINA

Yfir 60 tegundir nýrra gæðaflísa á góðu verði

Veldu úr yfir 130 tegundum flísa á lager



Lon-River 60x60 cm **2.990 pr.m²**



Lon-Italia grágræn 60x60 cm **3.490 pr.m²**



Rose 60x60 cm **2.990 pr.m²**
Rose 30x30 cm 3.290 pr m²



Yek-Venice 45x45 cm **2.390 pr.m²**



Ant-sand 30x60 cm **3.690 pr.m²**



Steinskífa/náttúrusteinn 30x60x1 cm **4.490 pr.m²**

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



Rakapöttikvoða 7 kg
5.590



Murexin fúga **8 kg**
2.390



Flísalím Profiflex 25 kg
3.150

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsvík	Garðarsbraut 50.	Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Ég hlusta á tvö lög til að koma mér í helgarstuð. Annað er lagið *So Rich, So Pretty* með Mickey Avalon og svo hið óborgarlega *Olsen Olsen* með Lúðó Sextett og Stefáni.

Aron Bergmann Magnússon, barón af Reykjanesinu og leikmyndahönnuður.

Hilmir Snær syngur nýtt bjórlag

„Ég hef aðallega sungið uppi á hálendi Íslands í hestaferðum en þetta var rosalega gaman,“ segir leikarinn Hilmir Snær Guðnason.

Hann sýnir á sér nýja hlið sem söngvari í laginu 1989 sem var samið sérstaklega fyrir bjórhátíð Kex Hostels sem nú er í gangi. Lagið verður spilað á staðnum í fyrsta sinn í kvöld en Hilmir Snær verður fjarri góðu gamni því hann er önnur kafinn í leikhúsinu.

Spurður hvers vegna hann var fenginn í verkefnið segir hann: „Þeir hafa örugglega einhvern tímunn heyrnt mig syngja. En kannski hafa þeir ekki náð í neinn annan, ég

veit það ekki,“ segir hann og hlær.

Höfundar lagsins eru Bjarki Sig og Benzín-bræðurnir Börkur og Daði Birgissynir. Upp-tökur fóru fram á þriðjudaginn og gengu eins og í sögu. „Þetta var voða skemmtilegt og það er aldrei að vita nema maður geri meira af þessu,“ segir Hilmir Snær hress en hljómsveitin hefur fengið nafnið Hilmir og humlarnir.

Er frekara samstarf á döfinni eða jafnvel plata? „Við vitum ekkert um það enn. Það fer bara eftir þessum strákum en ég er til hvenær sem er.“ -fb

SYNGUR NÝTT BJÓRLAG Hilmir Snær Guðnason sýnir á sér nýja hlið í bjórlaginu 1989 sem var tekið upp fyrir í vikunni.



HÖRÐUR HARDARSON: ÆTLUM EKKI Í LAGADEILU VEGNA MÁLSINS

Breyttu stefi eftir kvörtun frá útgáfu White Stripes

„Það er búið að skipta laginu út. Nýju auglýsingarnar eru með öðru lagi. Þetta var bara svona *gítarriff*,“ segir Hörður Hardarson hjá VERT markaðsstofu sem sér um markaðsmál fyrir smálánafyrirtækið Hraðpeningar.

Útgáfurisinn EMI hafði samband við Hraðpeninga fyrir tæpum mánuði og kvartaði undan auglýsingastefi fyrirtækisins. Stefið þykir afar líkt kafla úr laginu *Seven Nation Army* með hljómsveitinni White Stripes, sem kom út á plötunni *Elephant* og var eitt af vinsælustu lögum ársins 2003.

Hörður segir stefið hafa verið keypt af tónlistarmanni hér á landi. „Þeir gerðu athugasemd,

“Peir gerðu athugasemd, fannst þetta of líkt. Við sögðum þetta ekki of líkt. En við ætlum ekki að standa í einhverri lagadeilu út af stefi í útvarpsauglýsingu.

HÖRÐUR HARDARSON
VERT MARKAÐSSTOFA

fannst þetta of líkt. Við sögðum þetta ekki of líkt. En við ætlum ekki að standa í einhverri lagadeilu út af stefi í útvarpsauglýsingu. Þannig að við skiptum því út, þar með er málið búið,“ segir hann.

Spurður hvort Hraðpeningar hafi þurft að greiða bætur til EMI eða White Stripes segir Hörður svo ekki vera.

Geturðu sagt mér hvaða listamaður seldi ykkur lagið?

„Ég ætla ekki að blanda öðrum inn í þetta.“

En er verið að reyna að líkja eftir öðru frægu popplagi í nýju auglýsingunum?

„Nei, það er bara svona *gítarriff*.“
atlifannar@frettabladid.is



AUGLÝSA EKKI LENGUR LÁN Stefið í auglýsingum Hraðpeninga þótti of líkt kafla í laginu *Seven Nation Army* með White Stripes. Auglýsingunni hefur verið breytt.

NORDICPHOTOS/GETTY

DAGBÓK HARMONIKKUKONU

Hvetjandi, fróðlegar og fyndnar hugleiðingar Jónínu Leósdóttur um baráttu sína við aukakílóin.



NÝ
KILJA



„Jónína Leósdóttir er hnyttinn og skemmtilegur penni.“

SIRRÝ / RÁS 2

„Flott verk sem skrifar á leikandi hátt fyrir þögnina um angst og þrautir þrekvaxins fólks.“

BRÝNDÍS LOFTSDÓTTIR / EYMUÐSSON

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Mæðgin keppa á Northern Wave

Spænski kvikmyndagerðarmaðurinn Sergio De Vega verður gestur á alþjóðlegu stuttmyndahátíðinni Northern Wave sem fram fer í Grundarfirði um helgina. Stuttmynd De Vega, *Making Counts*, verður sýnd á hátíðinni auk þess sem móðir hans mun keppa í hinni vinsælu fiskisúpukeppni sem haldin er í tengslum við hátíðina.

„Mömmu hefur alltaf langað til að heimsækja Ísland, fyrir okkur er landið mjög framandi og spennandi, þannig að þegar myndin mín komst að á hátíðinni var aldrei spurning um hver ferðafélagi minn yrði,“ útskýrir De Vega. Hann segir móður sína, Concepción Sánchez Casillas, vera hæfileikaríkan kokk og því hafi hann ákveðið að skrá hana til þátttöku í fiskisúpukeppninni sem haldin er í tengslum við Northern Wave.

„Hún er með tvær hugmyndir að ýsurétti sem hana langar að gera, en hún hefur ekki enn valið á milli þeirra. Önnur er uppskrift frá Norður-Spáni og hin er klassísk uppskrift frá Austur-Spáni.“

De Vega kveðst spennur fyrir heimsókninni til Íslands og segir það ekki skemma fyrir að stuttmynd eftir hann verði sýnd á landinu á sama tíma.



SPENNTUR FERÐALANGUR Spænski kvikmyndagerðarmaðurinn Sergio De Vega tekur þátt í stuttmyndahátíðinni Northern Wave sem fram fer um helgina. Móðir hans mun einnig taka þátt í fiskisúpukeppninni sem fram fer í tengslum við hátíðina.

„Ég hlakka mikið til ferðarinnar. Það eitt að ferðast um landið er mjög spennandi og það eykur aðeins á spennuna að ég fái að sækja stuttmyndahátíð á sama tíma. Þetta verður án efa einstök ferð,“ segir De Vega að lokum.

- 5M

THE AMAZING EVERYDAY

EINFALDARI HRAÐARI SKEMMTILEGRI



Netið í símanum í 1 mán. fylgir. Allt að 1 GB á mán.

NOKIA LUMIA 800
Einn sem getur allt

5.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði*

Staðgreitt: 89.900 kr.

Netið í símanum í 1 mánuð fylgir. Allt að 1 GB á mánuði.

Hannaður til að gera lífið skemmtilegra

Nú er hann kominn til landsins. Splunkunýr og spennandi Nokia Lumia 800 með Windows 7 stýrikerfið innanborðs. Glæsileg hönnun með 3,7 tommu kúptum glerskjá og 8 megapíxla myndavél. Nokia Lumia 800 er hraðari og skemmtilegri með GPS staðsetningarbúnaði og fullkomnu leiðsögukerfi. Einnig fylgir 25 GB Skydrive-minni með.

NOKIA
LUMIA 800

Síminn



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Alþýðlegheit Hjálms

Stórsöngvarinn **Sigurður Guðmundsson**, jafnan kenndur við hljómsveitina Hjálma, var ekki að missa sig í formlegheitum þegar hann, ásamt Sigríði Thorlacius, afhenti ein verðlaunin á Íslensku tónlistarverðlauninum í fyrrakvöld. Á meðan allir aðrir kynnar höfðu ávarpað heiðursgestina, forseta Íslands og menntamálaráðherra, með kurt og pí, heilsaði Sigurður með orðunum: „Óli... Kata“, og þakkaði þeim fyrir síðasta fund, sem var sennilega þegar þau Sigríður sungu við afhendingu Eyrar- rósarinnar á Bessastöðum ekki alls fyrir löngu.



Björk fær fullt hús

Björk Guðmundsdóttir fær fullt hús stíga, eða fimm stjörnur, fyrir Biophilia-tónleika sína í New York í nýjasta hefti breska tónlistar- tímaritsins Q. Tónleikarnir hafa hitt rækilega í mark síðan þeir hófu göngu sína í Manchester síðasta sumar en þá fengu þeir fjórar stjörnur af fimm mögulegum í breska dagblaðinu The Guardian. Skemmt er að minnast þess að Biophila-tónleikar Bjarkar í Hörpu síðasta haust voru valdir tónlistarvið- burður ársins á Íslensku tón- listarverð- launinum í fyrrakvöld.



- þj. fb

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Jarðskjálftarnir skemmdu hús í Hafnarfirði
- 2 Vörusvik í innlendri matvöru
- 3 Bjarni Ben: Þetta er ekki áfall fyrir mig
- 4 Látn kona skreið upp úr líkkistunni
- 5 Nauðgunarkæran komin til ríkissaksóknara

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Síminn ICELANDAIR 101 OPIN KERFI

Fermingartilboð

Gerð GÆÐA- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



VALHÖLL

Ný hönnun. 5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar.

Stærð	Verð	Tilboð
80x200	69.900 kr.	62.900 kr.
90x200	69.900 kr.	64.900 kr.
120x200	84.900 kr.	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.	84.900 kr.
153x203	99.900 kr.	89.900 kr.



SAGA/FREYJA

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
90x200	89.900 kr.
100x200	94.900 kr.
120x200	109.900 kr.
140x200	119.900 kr.
153x203	129.900 kr.



PÓR

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöföldu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
100x200	104.900 kr.
120x200	124.900 kr.
140x200	139.900 kr.
153x203	149.900 kr.



IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi, háþrúð þrýstijöfnun-heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
90x200	144.900 kr.
100x200	149.900 kr.
120x200	164.900 kr.
140x200	179.900 kr.
153x203	179.900 kr.

Öll verð með botni og fótum



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

